



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

MLIS-ritgerð

Skjalastjórn á vefskjölum

Þorgerður Magnúsdóttir

Júní 2009

Leiðbeinandi: Dr. Jóhanna Gunnlaugsdóttir prófessor

Nemandi: Þorgerður Magnúsdóttir

Kennitala: 181174-3079

Útdráttur

Markmið rannsóknar þessarar um skjalastjórn á vefsíðum var að rannsaka, hvort skjalastjórn tíðkaðist á vefskjölum opinberra aðila, hvort farið væri að lögum varðandi grisjun og varðveislu þeirra og hvers konar upplýsingar væru í hættu og gætu farið forgörðum, væri skjalastjórn ekki til staðar. Ennfremur var ætlunin að kanna viðhorf fólks til þess, hvort slíkt væri yfirhöfuð nauðsynlegt og hvar því myndist að ábyrgðin á þessum skjölum lægi.

Byggt var á eigindlegri aðferðafræði og rannsóknarsniðið var tilvikarannsókn. Tekin voru opin viðtöl við 12 einstaklinga hjá sex opinberum aðilum á höfuðborgarsvæðinu. Reynt var að taka viðtöl við skjala- og vefstjóra á hverjum stað, ef slíkt var í boði. Óljós skil voru milli þátttökuathugunar og viðtala þar sem viðmælendur sýndu gjarnan vef sinn máli sínu til stuðnings.

Niðurstöðurnar virtust benda til þess að skjalastjórn á vefskjölum væri takmörkuð. Þau vefskjöl sem lutu skjalastjórn voru fundargerðir, ræður ráðherra og fréttir, ásamt því sem tilheyrði rafrænni stjórnsýslu. Annað efni var geymt í skjalasöfnum innan vefumsjónarkerfanna, sem eru óáreiðanlegur geymslustaður fyrir þau. Vefstjórar þekktu almennt ekki lagaumhverfið eða töldu vefsíður vera skjöl en skjalastjórar virtust jákvæðari gagnvart vefskjölum og skjalastjórn á þeim. Síðast en ekki síst virtust þátttakendur varpa ábyrgðinni á varðveislu vefjanna yfir á Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, sem safnar vefjum á þjóðarléninu.is í samræmi við lög um skylduskil til safna, nr. 20/2002. Vinnubrögðin gagnvart þessum skjölum virtust breytileg og ómarkviss og lítið samhengi virtist vera milli þess, hvort vefsíður töldust skjöl og hvaða meðferð þau fengu í kerfinu.

Abstract

The purpose of this study was to examine if web pages as records were treated any differently than other records among public organizations in Iceland. The focus was on whether the organizations followed common guidelines in records management when dealing with websites' records, and what kind of information would be lost were appropriate measures not taken. Furthermore, the study sought to check the attitudes of records managers and webmasters regarding records management of web pages and where they thought the responsibility for preserving them lay.

The study was a case study based on in-depth interviews with 12 employees, records managers and webmasters if available, within six organizations in the capital area of Iceland. Many participants used their websites as an example during the interview process and the interviews sometimes became similar to participant observations.

The findings seem to indicate that there is little records management of web pages. Websites including material such as minutes, the speeches of ministers and e-government records were stored in the electronic record management systems but other records were stored in the web content management systems. Webmasters had limited knowledge of the law regarding websites as records and their preservation. Records managers had more knowledge and seemed more positive regarding records management of these records. However whether they agreed with the assumption that websites were records, or not, had no effect on whether the records were handled as such. Last but not least, most records managers seemed to think that the responsibility for the preservation of web records actually lay with the National and University Library of Iceland because of the legal deposit law which allows the library to obtain all web records published on the national domain of Iceland as well as any known websites made by Icelanders or written in Icelandic on domains in other countries.

Formáli

Lokaritgerð þessi er 30 eininga rannsóknarverkefni um skjalastjórn á vefskjölum til MLIS-prófs í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Rannsóknin var unnin frá janúar 2008 til apríl 2009 undir dyggri leiðsögn dr. Jóhönnu Gunnlaugsdóttur prófessors. Fær hún kærar þakkir fyrir hvatningu, stuðning og hjálplegar leiðbeiningar á meðan á verkefninu stóð.

Rannsóknin hefði þó ekki litið dagsins ljós ef ekki væri fyrir þátttakendurna, sem auðfúslega veittu mér viðtöl, tóku vel á móti mér og svöruðu öllum spurningum af samvissusemi og þolinmæði.

Magnúsi Óskari Ingvarssyni og Jónínu Dögg Loftsdóttur vil ég þakka fyrir yfirlestur á verkefninu og gagnlegar ábendingar.

Að lokum vil ég þakka foreldrum mínum, heiðurshjónunum Magnúsi Óskari Ingvarssyni og Ingibjörgu Ágústu Guðnadóttur, fyrir alla þá hjálp og stuðning sem þau hafa veitt mér undanfarið misseri. Án umtalsverðrar hjálpar frá þeim hefði ég ekki náð þessum merka áfanga.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	5
MYNDA- OG TÖFLUYFIRLIT	8
INNGANGUR.....	9
1. SKJALASTJÓRN OG VEFSTJÓRN – FRÆDILEG UMFJÖLLUN	11
1.1 SAGA SKJALASTJÓRNAR	11
1.2 HVÆÐ ER SKJAL?.....	14
1.3 SKJALAFLOKKUNARKERFI	15
1.4 RAFRÆN SKJALASTJÓRNARKERFI	16
1.5 LÖG OG REGLUGERÐIR	16
1.5.1 Þjóðskjalasafn	16
1.5.2 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.....	17
1.6 SKJALASTJÓRNAR STAÐLAR.....	19
1.6.1 ÍST ISO 15489.....	19
1.6.2 MoReq2.....	20
1.7 STAÐLAR VEGNA VEFSTJÓRNAR.....	21
1.7.1 HTML, XHTML og XML staðlar	21
1.7.2 CSS staðall	22
1.8 SAGA NETSINS OG AÐDRAGANDI VEFSTJÓRNAR	23
1.9 VEFUMSJÓNARKERFI	24
1.10 VARÐVEISLA Á RAFRÆNU EFNI.....	26
1.10.1 OAIS ISO 14721 varðveislustaðallinn.....	28
1.11 SAMANTEKT.....	30
2. FRAMKVÆMD RANNSÓKNARINNAR.....	31
2.1 TILDRÖG	31
2.2 MARKMIÐ.....	32
2.3 RANNSÓKNARSPURNINGAR	32
2.4 RANNSÓKNARAÐFERÐIR	32
2.5 RANNSÓKNARSNIÐ	34
2.6 UNDIRBÚNINGUR	34
2.7 ÞÁTTAKENDUR.....	35
2.8 ÖFLUN GAGNA	40
2.9 GREINING VIÐTALA	40

2.10 TAKMARKANIR RANNSÓKNARINNAR.....	41
2.11 MIKILVÆGI RANNSÓKNARINNAR	41
3. GRISJUN	43
4. VARÐVEISLA	46
5. UPPLIFUN VEFSTJÓRANNA AF VEFUMSJÓNARKERFUNUM SÍNUM	50
6. SKJALASTJÓRN Á VEFKJÖLUM Í VEFUMSJÓNARKERFUM	52
7. LEIT	55
8. LAGAUMHVERFI	56
9. VEFSÖFNUN LANDSBÓKASAFNS ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFNS	57
10. SAMVINNA.....	59
11. UMRÆÐUR OG HUGLEIÐINGAR	61
SAMANTEKT OG LOKAORÐ	70
HEIMILDASKRÁ.....	76
VIÐAUKI A	83
VIÐAUKI B	86
VIÐAUKI C	89

Mynda- og töfluyfirlit

MYND 1 UMHVERFI OAIS	28
MYND 2 VARÐVEISLULÍKAN OAIS	29
TAFLA 1 ÞÁTTTAKENDUR Í RANNSÓKNINNI.....	38
TAFLA 2 ÞÁTTTAKENDUR OG GAGNASÖFNUN	39
TAFLA 3 YFIRLIT YFIR EIGINLEIKA VEFUMSJÓNARKERFANNA.....	39
TAFLA 4 SAMANBURÐUR MILLI ÞÁTTTAKENDA Í RANNSÓKNINNI.....	66

Inngangur

Skjalastjórn er stjórnunarsvið, sem tengist og styður við önnur stjórnunarsvið fyrirtækja og stofnana, þar á meðal vefstjórnun. Skjalastjórn og vefstjórn eru tvær ólíkar greinar, sem þó tengjast í gegnum skjalastjórnina, því hún á að ná til allra skjala innan stofnunar og þannig tryggja að staðið sé við lagalegar skyldur, sem viðkoma skjölum á hvaða formi sem þau eru. Saga skjalastjórnar nær aftur um tíu þúsund ár, allt til leirtákna, sem notuð voru í Tígris dalnum um 8000 f. Kr.

Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka hvort vinnutæki og vinnubrögð skjalastjórnar væru notuð á vefskjöl opinberra aðila, hvort farið væri að lögum varðandi grisjun og varðveislu þeirra og hvers konar upplýsingar væru í hættu og gætu farið forgörðum, væru þessi vinnubrögð ekki viðhöfð. Ennfremur var ætlunin að kanna viðhorf fólks til þess hvort slíkt væri yfirhöfuð nauðsynlegt og hvar því fyndist að ábyrgðin á þessum skjölum lægi.

Kveikjan að rannsókninni var sú að í gegnum MLIS-nám mitt í bókasafns- og upplýsingafræði kynntist ég skjalastjórn og vefstjórnun, sem mér fundust afar skemmtilegar greinar. Í framhaldinu langaði mig til að sameina þetta tvennt í lokaverkefni mínu. Í námskeiði sínu *Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum* lagði Jóhanna Gunnlaugsdóttir prófessor ríka áherslu á að vefsíður væru líka skjöl, sem þyrfti að huga að, og mættu ekki gleymast. Þar með var kveikjan að verkefni komin.

Nokkuð hefur verið rætt um tölvupóst og nauðsyn þess að skjalastjórn nái yfir hann og er það viðtekinn sannleikur í dag. Hins vegar kom í ljós við eftirgrennslan mína í rafrænum gagnasöfnum á borð við ProQuest, Web og Science og EBSCO Host, að enda þótt fræðimenn væru farnir að gera sér grein fyrir vandamálinu, þá hafði lítið verið fjallað um vefsíður og skjalastjórn á þeim. Engar rannsóknir höfðu verið gerðar á efninu og ekkert var til á íslensku um það. Ég ráðfærði mig við Jóhönnu sem tók hugmynd minni vel og var sammála því að þörf væri á slíkri rannsókn og féllst hún á að vera leiðbeinandi minn í verkefni.

Ritgerðinni er skipt í 12 kafla. Í fyrsta kaflanum er fræðileg umfjöllun um skjalastjórn og vefstjórnun, þar sem farið er yfir bakgrunn hvorrar greinar fyrir sig í stuttu máli. Þar er einnig gerð grein fyrir því lagaumhverfi skjalastjórnar, sem lýtur að vefstjórnun, ásamt stöðlum, sem stuðla að faglegum vinnubrögðum í báðum greinunum. Þá er fjallað um varðveislu á rafrænu efni og ýmis vandamál sem slíkri varðveislu fylgja. Annar kaflinn fjallar um framkvæmd rannsóknarinnar og rannsóknaraðferðina sem valin var. Greint er frá aðferðafræði eigindlegra rannsókna, markmiðum og rannsóknarspurningum, rannsóknarsniði, þátttakendum, sem voru sex opinberir aðilar á höfuðborgarsvæðinu, öflun og greiningu gagna ásamt takmörkunum og mikilvægi rannsóknarinnar. Næstu kaflar sem á eftir fylgja, það er að segja kaflar þrjú til tíu, fjalla ítarlega um niðurstöður rannsóknarinnar og þau átta meginþemu, sem fram komu við greiningu á rannsóknargögnunum. Þessi átta þemu eru: Grisjun, varðveisla, upplifun vefstjóra af vefumsjónarkerfum sínum, skjalastjórn á vefskjölum í vefumsjónarkerfum, leit, lagaumhverfi, vefsöfnun Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og samvinna vef- og skjalastjóra hjá þeim opinberu aðilum, sem tóku þátt í rannsókninni. Í kafla 11 eru hugleiðingar mínar, sem byggjast jafnt á rannsóknargögnunum sjálfum og þeim mikla fjölda heimilda, sem ég kynnti mér í tengslum við úrvinnslu verkefnisins. Í lokakaflanum er samantekt á niðurstöðunum og þær tengdar rannsóknarspurningunum.

1. Skjalastjórn og vefstjórn – fræðileg umfjöllun

Skjalastjórn er stjórnunarsvið, sem tengist og styður við önnur stjórnunarsvið fyrirtækja og stofnana, eins og gæða- og þekkingarstjórnun. Ávinningur af henni er margþættur, þar sem hún nær til allra skjala innan stofnunar og með henni er hægt að tryggja, að staðið sé við lagalegar skyldur stofnunarinnar hvað viðkemur skjölum þar sem hún varðar myndun, móttöku, varðveislu, notkun og ráðstöfun skjala (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2002, s. 39-40). Skjalastjórn nær til vinnuferla, sem eru viðhafðir við öflun og viðhald skjala er fjalla um skipulagsheildir og viðskipti þeirra (Staðlaráð Íslands, 2005, s. 3). Þannig ýtir skjalastjórn undir upplýsingaflæði innan stofnunar, sem leiðir til léttari ákvarðanatöku og ábyrgð verður skýr. Þjónusta við viðskiptavininn verður oft einfaldari svo ekki sé talað um rýmið sem sparast (Sigmar Þormar, 2007, 57-62). Í stuttu máli má segja að skjalastjórn sé kerfisbundin stjórn á öllum skjölum, frá því þau verða til þar til þeim er eytt og allt sem varðar notkun þeirra þar á milli (Read og Ginn, 2007, s. 4). Í þessum kafla verður fjallað um sögu- og lagalegan bakgrunn skjalastjórnar ásamt helstu stjórnartækjum hennar. Tæpt verður á stöðlum, sem viðkoma skjala- og vefstjórnun, og þá verður fjallað um sögu Netsins og Veraldarvefsins og um vefumsjónarkerfi, sem gjarnan eru notuð við að búa til og halda utan um vefsíður.

1.1 Saga skjalastjórnar

Enda þótt skjalastjórn sé tiltölulega ný fræðigrein þá á hún sér langa og merka sögu, sem hægt er að rekja allt til forsögulegs tíma (Pemberton, 1998, s. 65). Fyrstu merki skjalastjórnar eru leirtákn (e. tokens), sem notuð voru í viðskiptalegum tilgangi um 8000 f. Kr. í Tígris dalnum, þar sem Írak er nú. Á þessi tákn var ekki skrifað heldur voru þau fjölbreytt í stærð og lögun og með

myndum. Táknin voru ekki notuð til talningar eða sem gjaldeyrir, heldur til þess að varðveita upplýsingar (Pemberton, 1998, s. 66).

Efnin, sem notuð voru til þess að geyma upplýsingarnar, voru mismunandi eftir landsvæðum og höfðu misgóða endingareiginleika (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 45). Hægt og rólega þróuðust þessi efni en aðferðirnar við að geyma upplýsingarnar breyttust hægar. Eftir að ritmál kom til sögunnar voru upplýsingarnar einatt skráðar af læsu fólki og jafnframt notaðar af þeim. Því voru fáir sem mynduðu skjöl og fáir sem notuðu þau (Penn, Pennix og Coulson, 1994, s. 8). Þar sem einungis læsir einstaklingar höfðu með þessi skjöl að gera voru þetta háttsettir aðilar, konungar og aðall sem umgengust og varðveittu skjölin og embætti skjalavarðar var í hávegum haft (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 46).

Árið 1158 var hafin kennsla í greininni en þá var stofnaður háskóli á Ítalíu fyrir kennslugrein sem kölluð var „ars notaria“ eða „listin að skrásetja“ (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 46). Það ætti því engan að undra, að til eru ummerki um málaskrár ásamt geymslu- og grísjunaráætlunum á Ítalíu frá því um 1200 (Penn o.fl., 1994, s. 8).

Eftir því sem atvinnuvegir og lífsskilyrði breyttust jókst magn skjala í takt við að fleiri fóru að vinna með upplýsingar og færri unnu verkamannavinnu. Helstu verkfæri skjalastjórnarinnar urðu „register“ og flokkunarkerfi. Registrið átti uppruna sinn að rekja til Rómar en var þróað áfram á 13. öld. Einfaldasta útgáfa þess eru tvær dagbækur þar sem önnur heldur utan um innsend bréf og hin útsend.

Wilhelm nokkur Leibniz átti heiðurinn af fyrsta flokkunarkerfinu um 1678. Það byggði á rökrænu kerfi efnisflokka, þar sem raðað var frá því almenna til hins sértæka, ekki ósvipað skjalaflokkunarkerfum nútímans (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 47-48).

Í kjölfar frönsku stjórnarbyltingarinnar varð breyting á skjalasöfnum og starfsemi þeirra. Árið 1794 kom út yfirlýsing sem viðurkenndi rétt fólks til þess að fá aðgang að löglegum sönnunargögnum í skjalasöfnum þar í landi. Enda þótt starfsemi skjalasafna væri áfram einkum varðveisla skjala og þjónusta við

fræðimenn, þá hafði þessi yfirlýsing mikil áhrif á þróun skjalamála (Kristín H. Pétursdóttir, 1988, s. 53) einkum vegna þess að upplýsingapörf almennings er annars eðlis en valdhafa og þá hafði aukinn aðgangur fleiri notendur í för með sér (Stefanía Júlíusdóttir, 1997, s. 219).

Hugtakið „records management“ kom fyrst fram milli 1940 og 1950 (Penn o.fl., 1994, s. 8; Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 45-46). Í heimsstyrjöldinni síðari jókst skjalamagn gífurlega og þörfin fyrir grisjun var orðin knýjandi. Það kallaði á uppstökkun og hraða þróun. Stuttu eftir stofnun Þjóðskjalasafns Bandaríkjanna byrjaði safnið að mennta fólk í ýmsum þáttum skjalastjórnar og þar með var kominn grundvöllur að hinni nýju starfsstétt sem fékk heitið skjalastjórar (e. records managers) (Kristín H. Pétursdóttir, 1988, s. 53).

Þróunin í skjalamálu á Íslandi var allt önnur. Í upphafi lagði lögsögumaður lögin á minnið og þuldi þau upp og þannig var varðveisla þeirra, og annarra sambærilegra upplýsinga, munnleg en ekki skrifleg og því var ekkert um skjöl. Það var fyrst á 12. öld að Íslendingar fóru að skrifa og halda skrár (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 46).

Þróun í skjalamálu fylgdi breyttum atvinnuháttum hér á Íslandi sem og annars staðar. Í fyrstu voru einungis embættismenn sem sáu um skjalahald en eftir því sem fleiri starfsstéttir komu til sögunnar, sem höfðu atvinnu af verslun og þjónustu, þá breyttist skjalahaldið (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 48). Með lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, var skilgreiningu á skjölum breytt, þannig að hún varð víðari og átti ekki einungis við rituð sönnunargögn, heldur einnig öll önnur gögn sem verða til við starfsemi stofnunar eða einstaklings, óháð formi þeirra (Stefanía Júlíusdóttir, 1997, s. 217). Nú er svo komið, að síaukin þörf er á skjalastjórn hér á landi, sem og annars staðar.

Árið 1988 var Félag um skjalastjórn stofnað á Íslandi og með því varð til íslenska starfsheitið skjalastjóri, en nauðsynlegt þótti að skilja það frá starfi skjalavarða (e. archives administrator), sem vinna á skjalasöfnum og varðveita skjöl, sem hafa varanlegt, lagalegt og sögulegt gildi (Kristín H. Pétursdóttir, 1988, s. 52-53). Félagið hefur unnið ötullega að skjalamálu hér á landi meðal annars

með uppfræðslu stéttarinnar og stjórnenda fyrirtækja og stofnana á Íslandi (Stefanía Júlíusdóttir, 1997, s. 231-232).

1.2 Hvað er skjöl?

Á ensku er gerður greinarmunur á orðunum „record“ og „document“ en á íslensku er hvort tveggja gjarnan kallað skjöl. Nokkur munur er þó á þessu tvennu. Farin hefur verið sú leið að skipta þessu niður þannig að enska orðið „record“ hefur fengið heitið sönnunarskjöl þar sem það er talið vera til vitnis um athafnir eða starfsemi sem átt hefur sér stað í fyrirtækinu. „Document“ hefur hins vegar upplýsingagildi en ekki endilega sönnunargildi (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2007). Orðanotkunin er þó allt annað en markviss og skjalastjórar tala í daglegu máli um „records“ sem skjöl, samanber heitið á faginu og starfsheitið.

ISO staðallinn 15489 skilgreinir skjöl sem „upplýsingar sem eru myndaðar, móttæknar og höndlaðar sem sönnunargögn og upplýsingar frá fyrirtæki eða einstaklingi til að framfylgja lagalegum skyldum eða í viðskiptalegum tilgangi“ (Staðlaráð Íslands, 2005, s. 12). Samkvæmt alþjóðlegu skjalastjórnarsamtökunum ARMA International eru skjöl upplýsingar, sem eru vistaðar án tillits til forms eða annarra einkenna. Skjölin eru búin til eða fengin annars staðar frá og bera vitni um þá starfsemi sem fram fer. Sökum þessa eru þau verðmæt svo að þau þarf að varðveita í ákveðinn tíma (Read og Ginn, 2007, s. 5).

Sönnunarskjöl hafa þrjú einkenni, þ.e. innhald (e. content), lýsigögn (e. metadata) og mynd (e. structure). Ef skjalið inniheldur allt þetta sýnir það meðal annars fram á tilganginn með sköpun þess, hver ber ábyrgð á því og að það sé upprunalegt (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2002, s. 40; Staðlaráð Íslands, 2005, s. 7).

Samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, eru skjöl öll gögn, sem innihalda upplýsingar óháð því í hvaða formi þessi gögn eru. Gildir þá einu hvort upplýsingarnar hafa borist stofnuninni eða einstaklingi eða hvort þær hafi verið myndaðar á staðnum.

Í skilgreiningunum hér fyrir ofan er jafnan reynt að áréttta að form gagnanna skipti ekki máli þegar reynt er að komast að niðurstöðu um hvað sé

skjal og hvað ekki. Ef litið er á vefsíður opinberra aðila út frá þessum skilgreiningum, má sjá að um er að ræða rafrænar síður er hafa innihald, bera lýsigögn og ákveðna mynd. Þau eru jafnan mynduð í þeim tilgangi að miðla upplýsingum um þá starfsemi, sem á sér stað innan stofnunarinnar, ýmist til að uppfylla upplýsingaskyldur og eða til að veita viðskiptavininum aukna þjónustu. Að teknu tilliti til þessara atriða má sjá að vefsíður falla undir þessar skilgreiningar, sem tæpt var á hér að ofan og því ætti ekki að vera nokkur vafi á því að vefsíður eru skjöl og meðferð þeirra ætti því að lúta sömu lögmaðlum og meðferð annarra skjala hjá opinberum aðilum, sem og annars staðar.

1.3 Skjalaflokkunarkerfi

Með skjalaflokkunarkerfum er þekking innan fyrirtækis staðsett kerfisbundið þannig að notandi þess geti nálgast efni á fyrirfram skilgreindum stað. Skjalaflokkunarkerfi eru hönnuð til að ná saman skjölum um skyld málefni og auðvelda endurheimt þeirra. Markmiðið er að ná fram rökrænni uppsetningu skjala. Skjalaflokkunarkerfi þarf að ná yfir alla starfsemina, vera áreiðanlegt og kerfisbundið, halda skjölunum heilum og í reglu, til dæmis með aðgangsstýringu og síðast en ekki síst vera hlýðið, þannig að hægt sé að stjórna því í samræmi við ríkjandi kröfur og reglur (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2002, s. 42; Staðlaráð Íslands, 2005, s. 22). Enda þótt talað sé um kerfi, þá er ekki nauðsynlegt fyrir skjalaflokkunarkerfi að vera rafræn en það verður þó æ algengara að þau séu það.

1.4 Rafræn skjalastjórnarkerfi

Fyrstu rafrænu skjalastjórnarkerfin voru eins konar skráningarkerfi, þar sem haldið var utan um skjöl og upplýsingar um þau. Nýjustu rafrænu skjalastjórnarkerfin eru nettengd hópvinnukerfi, en með þeim er hægt að ná betri aðgangsstýringu á skjöl og fanga þau alveg frá myndun óháð formi þeirra. Skjölín eru þá geymd í miðlægum rafrænum gagnagrunni (Jóhanna Gunnlaugsdóttir 2004, s. 53, 2008, s. 22).

1.5 Lög og reglugerðir

Fjöldmörg lög og reglugerðir hafa áhrif á skjalastjórn þar á meðal lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/ 2000, Upplýsingalög, nr. 50/ 1996, Stjórnsýslulög, nr. 37/1993 og lög um bókhald, nr. 145/1994. Hér á eftir er stutt umfjöllum um Þjóðskjalasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og þau lög sem tengjast þessum stofnunum og falla þar af leiðandi undir viðfangsefni þessarar ritgerðar.

1.5.1 Þjóðskjalasafn.

Áður hefur verið minnst á lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, en samkvæmt þeim er hlutverk og skylda safnsins að safna og varðveita skjöl og aðrar skráðar heimildir „... þjóðarsögunnar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.“ Í lögunum er jafnframt kveðið á um að safnið skuli kalla eftir og varðveita skjöl þeirra, sem eru afhendingarskyldir en það eru: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Stjórnarráðið og undirstofnanir þess, ásamt stofnunum og fyrirtækjum ríkisins og sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Safnið skal líta eftir skjalasöfnum þeirra og sinna ráðgjöf og fræðslu fyrir fólk í skjalastjórnarstörfum. Jafnan skulu skjölín afhent þegar þau eru 30 ára en gögn á rafrænu formi eigi síðar en fimm ára. Ennfremur á safnið að setja fram leiðbeinandi reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala þessara sömu aðila.

Í inngangi að rannsókn, sem Þjóðskjalasafn Íslands lét Gallup framkvæma fyrir sig árið 2004 í undirbúningi fyrir móttöku rafrænna gagna, kemur fram að Danir, Norðmenn og Svíar séu komnir lengst Norðurlandþjóða í móttöku og vörslu rafrænna skjala. Ákveðið var að Íslendingar myndu fylgja í fótspor Dana þar sem íslensku lögin og þau dönsku eru svipuð auk þess sem skjalavörsluhefðirnar eru líkar því sem gengur og gerist í Danmörku (Þjóðskjalasafn Íslands, 2005, s. 3).

Undirbúningur Þjóðskjalasafns Íslands fyrir móttöku rafrænna skjala hefur staðið yfir með hléum frá því 1997 en þá var skipuð „Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnslunni“. Síðan þá hefur Þjóðskjalasafn fengið hærri fjárlög til undirbúnings fyrir verkefnið og nauðsynlegar breytingar á stjórnslulögum, nr. 37/1993, voru samþykktar árið 2003 en þær greiddu götu rafrænnar stjórnslu. Fyrirnefnd könnun var svo enn einn liður í undirbúningi Þjóðskjalasafnsins til að veita rafrænum gögnum móttöku (Þjóðskjalasafn Íslands, 2005, s. 4-5).

Niðurstöður könnunarinnar voru á þá leið að um það bil helmingur þeirra sem svaraði könnuninni var með rafrænt skjalastjórnarkerfi og að rafræn gögn voru mest hjá þeim sem voru fremstir í rafrænni stjórnslu (Þjóðskjalasafn Íslands, 2005, s. 9). 40% skjalamyndara ríkisins skráði ekki skipulega upplýsingar um skjöl sín og 80% þeirra höfðu ekki gert skjalavistunaráætlanir (Þjóðskjalasafn Íslands, 2005, s. 8). Ætla má að þeir aðilar, sem ekki sinna varðveislu sinni á hefðbundnum skjölum, hafi heldur enga stjórn á vefskjölum sínum.

1.5.2 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Í lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, kemur fram, að safninu beri að þaulsafna öllu íslensku efni og jafnframt afla erlendra gagna, sem varða íslensk málefni. Lög um skylduskil til safna, nr. 20/2002, kveða nánar á um fyrirnefnda söfnun á íslensku efni en skylduskil ganga út á það að verk, sem eru gefin út og birt hér á landi, skulu afhent til einhverra eftirtalinna safna: Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Amtsbókasafns og Kvikmyndasafns.

Tilgangur laganna er sá að hægt sé að varðveita íslenskan menningararf svo efnið geti verið tiltækt til nota meðal annars vegna rannsókna og fræðiiðkana. Verk sem birtast á rafrænu formi eru varðveitt af Landsbókasafni Íslands og eru ýmist afhent safninu eða safnað í svonefndri vefsöfnun sem safnið stendur fyrir.

Öllum vefjum sem eru á þjóðarléninu.is, er safnað skipulega saman ásamt vefjum, sem eru á íslensku eða eru útgefnir af íslenskum aðilum á erlendum lénom. Þetta er gert í samræmi við áður nefnd lög um skylduskil til safna. Segja má, að þannig sé tekin mynd af íslenskum hluta veraldarvefsins þrisvar sinnum á ári og í sumum tilfellum oftast ef um er að ræða vefi, sem breytast ört og hætta er á að efni sé tekið út af þeim (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, án árs). Safnið sækir gögnin þar sem svo stór hluti efnis á Netinu er gefinn út af einstaklingum og án þess að útgáfufyrirtæki hafi með birtingu þess að gera (Kristinn Sigurðsson, 2005, s. 36). Allsendis óvíst er hvernig staðið verður að aðgangi að vefsafninu en hann verður að vonum víðtækur (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, án árs), því langtímavarsla stafræns efnis án aðgengis hefur tæpast nokkurn tilgang (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007, s. 4).

Eins og sjá má af þessari umfjöllun á söfnunum tveimur eru hlutverk þeirra keimlík enda þótt þau séu að safna mismunandi efni, en munurinn liggur einkum í eðli og uppruna upplýsinganna sem þau safna. Á einfaldaðan hátt má segja að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn safni útgefnu efni á meðan Þjóðskjalasafn Íslands varðveitir efni sem einungis er til í einu eintaki og hefur ekki verið gefið út (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007, s. 7). Tæknilegur munur á safnefni þeirra er sífellt að minnka þar sem svo mikið af því efni sem þau safna er orðið stafrænt (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007, s. 9).

1.6 Skjalastjórnar staðlar

Stöðlun snýst meðal annars um að setja reglur og skilgreina kerfisbundið ýmsa skilmála, afurðir og aðferðir (Guðlaug Richter, 1996, s. 12). Staðlar geta verið af ýmsu tagi: Hugtaka- og táknastaðlar auðvelda samskipti og sjá til þess að fólk sé að tala um sama hlutinn þegar það notar hugtök, prófunarstaðlar innihalda mælanleg markmið og er ætlað að sjá til þess að ákveðin skilyrði séu uppfyllt og aðferðastaðlar lýsa vinnulagi, aðferðum og ferli í starfi (Guðlaug Richter, 1996, s. 14-15).

Margir staðlar koma inn á skjalastjórn og þurfa aðilar sem vinna í þessum geira að vera meðvitaðir um þá. Þeir staðlar sem tengjast einna helst viðfangsefni þessarar ritgerðar eru skjalastjórnarstaðlarnir ISO 15489 og MoReq2 og vefstaðlarnir frá vefstaðlaráðinu (e. World Wide Web Consortium), sem er meðal annars ætlað að samþætta tækni og skapa viðmiðunarreglur og hönnunarlýsingar svo Netið geti náð sínum fulla mætti (World Wide Web Consortium, 1994-2008).

1.6.1 ÍST ISO 15489.

ISO 15489 kom fyrst út í október árið 2001 en var gefinn út í íslenskri þýðingu árið 2005. Staðallinn tekur til allra skjala á hvaða formi sem er og veitir leiðbeiningar um ábyrgð, styður gæðastarf og setur viðmið um vönduð vinnubrögð í skjalastjórn (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2002, s. 28). ISO 15489 er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn nefnist: Almenn atriði, en þar er meðal annars fjallað um hugtök og skilgreiningar, stefnu og ábyrgð, kröfur, ferla og þjálfun svo fátt eitt sé nefnt. Síðari hlutinn nefnist: Leiðbeiningar, en þar er meðal annars farið í innleiðingu skjalastjórnarkerfis (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2002, s. 28; Staðlaráð Íslands, 2005, s. 5-9). Enda þótt staðallinn sé fyrirtækjamiðaður og taki ekki til skjalavörslu og varðveislu skjala í varðveislustofnunum (Staðlaráð Íslands, 2005, s. 9) þá er hann ætlaður skjalastjórum og sérfræðingum í stjórnun skjala og er notaður sem slíkur í vinnu þeirra óháð því hvort þeir starfa á almennum vinnumarkaði eða ekki.

Í staðlinum er tekið skýrt fram að hann nái yfir skjöl á hvaða sniði eða miðli sem þau eru. Tilgangurinn er margþættur en meðal annars sá, að farið sé að lögum og reglugerðum til dæmis við varðveislu og skil á gögnum; að hanna, innleiða og hafa umsjón með sérhæfðum kerfum fyrir stjórnun skjala. Þá er einnig markmið að viðhalda fyrirtækjamingum, sem styðja og skjalfesta starfsemina, fyrir nútíð og framtíð, fyrir þróun og árangur í starfseminni og sagnfræðilegar rannsóknir (Staðlaráð Íslands, 2005, s. 14-15). Mikilvægt er að ákveða hvaða lýsigögn ætti að mynda með skjölunum, hvernig innbyrðis tengslum þeirra verði háttáð og stjórnað og eins að uppbygging skjals og tengsl milli innbyrðis þátta þess haldist óskert (Staðlaráð Íslands, 2005, s. 19-20). Ennfremur er lögð áhersla á að skjalakerfi geti fangað öll skjöl sem verða til innan starfseminnar og að þau eigi að geta stjórnað slíkum skjölum (Staðlaráð Íslands, 2005, s. 19-20).

1.6.2 MoReq2.

Model Requirements for the Management of Electronic Records 2 eða *MoReq2* eins og hann er jafnan kallaður er byggður á forvera sínum, sem saminn var af Evrópusambandinu fyrir aðildarlönd þess. Fyrri staðallinn, sem varð afar vinsæll, var þýddur á yfir 10 tungumál og notaður um allan heim. Nýr og endurbættur staðall er talinn vera notendavænsti og ítarlegasti staðall sem varðar rafræna skjalastjórn hingað til (Fresko, 2008, s. 62). Þá verður að teljast kostur að staðallinn er ókeypis og fæst á vefslóðinni www.moreq2.eu

Í staðlinum er talað um svokallaðar einingar (e. components) í staðinn fyrir enska orðið „file“, til að koma í veg fyrir misskilning vegna ólíkrar notkunar þessa orðs í upplýsingatækni og upplýsingafræði, þar með talið skjalastjórn. Skilgreiningin á einingu er að hún sé órjúfanlegur hluti skjals burtséð frá þeirri staðreynd að hægt sé að vinna með hana eina og sér. Dæmi um einingu væri þá til að mynda jpeg myndir og eða pdf skjöl, sem eru á vefsíðu. Staðallinn tekur skýrt fram að mikilvægt sé að samband eininganna við skjalið haldist óbreytt þannig að ef skjalið er flutt eða afritað, þá flytjist eða afritist einingar þess einnig (CECA-CEE-CEEA, 2008, s. 11-15). Staðallinn gerir skýrar kröfur til þess að rafræn

skjalastjórnarkerfi geti náð utan um öll skjöl burtséð frá formi þeirra og telur þar á meðal upp vefsíður. Hins vegar gerir staðallinn ekki þá kröfu á kerfin að þau geti sýnt öll þessi form, einungis að þau geti fangað allar upplýsingar um formin og staðsetningu þeirra (CECA-CEE-CEEA, 2008, s. 68). Staðallinn gerir síðan að umtalsefni hvernig skjalastjórnarkerfin og vefumsjónarkerfin geti unnið saman á ólíkan hátt til að varðveita skjölin (CECA-CEE-CEEA, 2008, s. 68).

1.7 Staðlar vegna vefstjórnar

Vefstaðlaráðið hefur frá árinu 1994 birt meira en 110 vefstaðla (e. W3C recommendations). Markmiðið er einkum að stuðla að því að stoðtæki vefsins, til dæmis vafrar, séu samræmanleg og geti „talað“ og unnið saman. Staðlaráðið reynir að koma í veg fyrir sundrung í tækni og aðferðum, sem kæmi niður á vefnum og notendum hans, með opnum stöðlum og verklagsreglum fyrir vefforritunar mál (World Wide Web Consortium, 2004-2007).

1.7.1 HTML, XHTML og XML staðlar.

Þetta eru staðlar, sem eiga það sameiginlegt að fjalla um forritunarmál, sem notuð eru til að skapa vefskjal sem inniheldur texta. Forritunarmálið verður að vera þannig að allar tölvur geti skilið það og birt efnið sem skjalið inniheldur. Ef kóðinn er rangur þá getur það haft áhrif á skjalið á ýmsan hátt (World Wide Web Consortium, 1999).

HTML stendur fyrir Hyper Text Markup Language. Það er forritunarmál sem Tim Berners-Lee samdi en það gerir höfundum kleift að birta efni á vefsíðum (World Wide Web Consortium, 1999). Það er líklega eitt vinsælasta forritunarmál sinnar tegundar (World Wide Web Consortium, 2004) og er byggt á forritunarmáli sem heitir Standard Generalized Markup Language (SGML). SGML er stöðugt og sveigjanlegt en flókið. Það er einkum ætlað forritunarmálum, sem stjórna rafrænum skjölum (World Wide Web Consortium, 2002).

XHTML stendur fyrir Extensible Hyper Text Markup Language. Það er forritunarmál sem er að taka við af HTML. XHTML er að mörgu leyti líkt forvera sínum en er þó í grunninn byggt á öðru forritunarmáli en HTML (World Wide Web Consortium, 1995-2007), sem heitir Extensible Markup Language (XML). Enda þótt XML sé í grunninn SGML mál, þá er það mun einfaldara, en er engu að síður jafn stöðugt og sveigjanlegt og SGML (World Wide Web Consortium, 2004).

1.7.2 CSS staðall.

CSS staðallinn leiðbeinir um gerð svokallaðra stílskjala (e. Cascading Style Sheet). CSS stílskjál er einfaldur búnaður til að stjórna stíl vefsíðna. Búið er til stílskjál sem síðan er tengt með tengli yfir í efnislegt skjal eða skjöl skrifuð með til dæmis XHTML. XHTML skjölin og CSS skjalið eru annars óháð hvert öðru. Stílskjöl gefa bæði höfundum og notendum tækifæri til að stjórna útliti síðunnar (World Wide Web Consortium, 1999). Þau lýsa hvernig vefskjöl eiga að birtast á mismunandi skjám og prentast út. Þar af leiðandi getur höfundurinn haft stjórn á hvernig skjalið lítur út í mismunandi tækjum, eins og tölvum og sínum (World Wide Web Consortium, 1997-2008).

Tilgangurinn með ofantöldum stöðlum er jafnan að sjá til þess að einatt séu viðhöfð góð vinnubrögð þegar vefsíður eru búnar til. Höfundum staðlanna er tíðrætt um aðgengi og útlit enda fara þessi atriði gjarnan hönd í hönd. Sem dæmi má taka að ef útliti er stjórnað innan HTML skjals þá hefur notandinn ekki lengur tækifæri til að laga útlit skjalsins að sínum þörfum eins og hann getur ef notað er CSS stílskjál. Þar af leiðandi hafa útlitsskipanir innan HTML skjala neikvæð áhrif á aðgengi. Þá ber einnig að hafa í huga að illa skrifaður kóði getur haft þau áhrif að skjalið einfaldlega birtist ekki í vafranum eða líti einkennilega út. Á heimasíðu W3C er hægt að prófa vefskjölin til að athuga hvort þau uppfylli reglur staðlanna.

1.8 Saga Netsins og aðdragandi vefstjórnar

Saga Netsins er lengri en flestir gera sér grein fyrir. Sagan nær allt aftur til ársins 1957 þegar Sovétríkin skutu gervitunglinu Spútnik á loft. Bandaríkjamönnum leist ekki betur á blikuna en svo að þeir stofnuðu ARPA (Advanced Research Projects Agency), sem var stofnun undir Varnarmálastofnun Bandaríkjanna (e. Pentagon) og átti að stuðla að forrystu Bandaríkjanna í þróun tækni og vísinda í þágu hersins (Zakon, 1993-2006). Í upphafi var hugsunin sú að skapa áreiðanlegt samskiptanet, svo að stjórnvöld haldið sambandi ef til kjarnorkustríðs kæmi (Sterling, 1996).

Árið 1969 voru fjórar tölvur í jafnmörgum háskólum tengdar saman. Þetta litla net var kallað ARPA-net (Sterling, 1996; Zakon, 1993-2006). Í fyrstu var þróunin hæg. 1971 var fyrsti tölvupósturinn sendur (Zakon, 1993-2006) og árið 1972 voru 37 tölvur tengdar ARPA-netinu (Sterling, 1996). Fram til 1990 jókst fjöldi notenda og tölva stöðugt svo að nú var ARPA-netið einungis lítill hluti af því fyrirbæri sem nú var farið að kalla Internetið. Engu að síður vilja sumir meina að Netið hefði einungis verið leikvöllur fyrir fáa útvalda hefði Tim Berners-Lee ekki komið til sögunnar (Spencer, 1999, s. 1). Berners-Lee skrifaði fyrsta vefforritið sitt „Enquire“ þegar hann vann hjá CERN. Tilgangurinn með forritinu var að nota það sem hjálpartæki til að muna eftir tengslum milli fólks, tölva og verkefna á rannsóknarstofunni (Berners-Lee, 2000, s. 4). Enda þótt forritið væri eingöngu til einkanota var fræinu sáð í huga hans og í mars 1989 kom hann með tillögu, sem hann kallaði *Upplýsingastjórnun: tillaga* (e. Information management: a proposal), til yfirmanns síns hjá CERN. Yfirmanninum fannst hugmyndin óljós en spennandi og gaf grænt ljós á hana (CERN, 2009). Í desember 1990 var Berners-Lee búinn að búa til sinn fyrsta vafra-ritil (e. browser-editor) og var í samskiptum við aðra tölvu í gegnum netþjón CERN (Berners-Lee, 2000, 33). Vandinn var sá að vafrinn gat einungis unnið á NeXTStep stýrikerfi og NeXT tölvunum hjá CERN (CERN, 2008a) en þær voru mun þróaðari en almennar tölvur. Því varð að skrifa einfaldari vafra, sem einungis var hægt að skoða texta í en með honum gátu allir sem á annað borð voru með nettengingu

nálgast upplýsingar á Netinu (CERN, 2008b). Árið 1993 kom út vafri að nafni Mosaic en með honum var hægt að skoða myndir og texta (Cohen og Rosenzweig, 2006, s. 19).

Nú fóru hjólin að snúast hratt. Með grafískum vafra fóru menn að blanda saman myndum og texta og þannig að hanna smekklegar vefsíður. Í framhaldi af þessu urðu til fyrstu vefstjórnarnir. Þeim hefur verið líkt við einmana kúrekana úr gömlu vestrinum (Seeley, 2000, s. 1), þar sem þeir unnu einir og skrifuðu HTML kóðann handvirkt á textaritla og sendu yfir á vefsíðurnar. Vefirnir innihéldu þá að mestu texta sem breyttist lítið, hlekki og nokkrar myndir (Hoffmann, 2000, s. 1).

Allt viðhald var tímafrekt þar sem framkvæma varð breytingar á hverri síðu fyrir sig, til dæmis ef breyta átti leturgerð eða leiðarkerfi, og því gat verið erfitt að halda samræmi í útliti vefjanna og algengt var að tenglar væru óvirkir (McKeever, 2003, s. 686). Með hraðara Neti og betri vöfrum gátu vefstjórnar og vefhönnuðir búið til æ flóknari vefi. Vefsíðurnar á hverjum vef urðu fleiri og nú var svo komið að fleiri vildu koma að gerð þeirra. Vefstjórnur fór að líða eins og þeir væru nokkurs konar flöskuháls því enda þótt þeir væru allan daginn að urðu vefirnir, sem þeir voru ábyrgir fyrir, ekki betri. Stjórnendur vildu fá innra net og notendur innanhúss biðu í röðum eftir að fá fram breytingar sem einungis vefstjórinn gat náð fram sökum kunnáttu sinnar (Guenther, 2001, s. 84; Guenther 2006, s. 55). Lausnin í hugum margra voru svokölluð vefumsjónarkerfi (e. web content management software – webcms) en þau verða til umfjöllunar í næsta kafla.

1.9 Vefumsjónarkerfi

Eins og áður hefur komið fram var algengt í árdaga Netsins að vefstjóri sæi um að búa til og viðhalda vef. Eftir því sem vefirnir urðu stærri og flóknari varð nauðsynlegt viðhald á vefjunum erfiðara, auk þess sem fleiri aðilar vildu koma að gerð þeirra. Þörf varð á einhverju stjórnþæki, sem hjálpaði fólki að ná yfirsýn og auðveldaði vefumsjónina (McKeever, 2003, s. 686; Boiko, 2001, s. 8).

Vefumsjónarkerfi er hugbúnaður sem hjálpar notandanum að stjórna efni allt frá samningu þess til útgáfu (Morville og Rosenfeld, 2007, s. 358). Þau auðvelda að halda útliti samræmt, hjálpa til við aðgengisvandamál, auðvelda allt viðhald og eru þægileg í notkun fyrir hinn almenna starfsmann svo að vefstjórinn getur snúið sér að tæknilegri málum (Kane og Hegarty, 2007, s. 277-279). Helstu kostir þeirra telja margir að séu:

- flatari valdapíramídi í vefstjórnuninni þannig að hönnuðir geti hannað, ritstjórar snurfusað og tækniliðið getur séð um vefumsjónarkerfið og þjónað notendum þess (Guenther, 2006, s. 55)
- aðskilnaður efnis og útlits. Áður fyrir var efni og útlit í sama HTML skjali og útlitsskipanir var að finna innan um efnið í skjalinu. Nú er hins vegar lögð áhersla á að hafa útlit í sér skjali til dæmis með CSS (e. cascading style sheet). Þá eru einnig myndir, pdf skjöl og ýmislegt annað skilið frá textanum síðunni og það geymt í miðlægum grunni. Aðskilnaður af þessu tagi auðveldar viðhald og stórar útlitsbreytingar á vefnum þar sem breytingin verður einungis á einum stað þ.e.a.s. í útlitsskjalinu, en áður þurfti að fara í hvert einasta vefskjal og framkvæma breytinguna þar (Clark, 2008, s.35).

Virgni kerfanna má skipta niður í nokkra hluta og eru kerfin missterk í þeim. Svokölluð framhlið kerfanna (e. front end) býður upp á að stjórna útliti og efni með sniðmátum (e. templates) og vel skilgreindu vinnuflæði (e. workflow), en það er í raun aðgangsstjórnun þar sem skilgreint er hver sér um að gera hvað og í hvaða röð hlutirnir eru gerðir (McKeever, 2003, s. 690). Kunnátta í vefforritun og öðru slíku er alla jafnan ekki nauðsynleg í þessum hluta kerfisins.

Bakhlið kerfanna (e. back-end) kallar hins vegar á kunnáttu, en þar býðst notandanum að yfirfara HTML og CSS kóða ásamt því að skilgreina, stjórna, vista og birta efni (Guenther, 2001, s. 82).

Hér fyrir ofan hafa kostir vefumsjónarkerfa verið taldir upp en þau eru hins vegar ekki gallalaus. Gallarnir eru misalvarlegir. Kerfin bjóða notendum með litla þekkingu upp á að setja efni inn á vefinn þannig að yfirleitt stækka vefirnir

mikið þegar efni frá nýjum höfundum hleðst inn. Of mikið efni getur eyðilagt góða fróðhögun upplýsinganna (e. Information architecture). Því er afar mikilvægt að vefstjórinn viti hvað hann er að gera og byggji stífar reglur fyrir notendur í bakhlið kerfisins. Þar sem svo margir höfundar eru að efni á vefnum þá getur líka verið erfitt fyrir rödd fyrirtækisins að koma sterkt fram. Þá er þörf á styrkri ritstjórn til að sjá til þess að vefurinn sé í takt við stefnu og vörumerki fyrirtækisins (Guenther, 2006, s. 56). Ennfremur getur stjórnun á efninu (e. content management) verið bæði flókin og viðkvæm fyrir samhengi skjalanna. Oft þarfnast vefumsjónarkerfin mikillar aðlögunar fyrir notandann frá því þau eru keypt og þar til þau taka að starfa eins og til var ætlast og það getur verið kostnaðarsamt ferli (Morville og Rosenfeld, 2007, s. 358).

1.10 Varðveisla á rafrænu efni

Upplýsingatæknifræðingar og skjalastjórar eru sammála um að stór hluti rafrænna skráa, sem búnar eru til í dag, verði ekki aðgengilegur eftir 30 ár vegna þess að ekki er til sú tækni sem getur varðveitt slíkt efni til frambúðar (Swarz, 2008, s. 24). En til hvers ætti að varðveita þetta efni? Fyrir því mætti til dæmis nefna ástæður eins og sönnunarbyrði sem minnst var á hér fyrir ofan. Við viljum ef til vill geta sannað að einhver atburður hafi gerst, að einhver sala hafi farið fram o.s.frv. Auk þess er nauðsynlegt að varðveita þekkinguna til þess að mannkynið geti grætt á uppsafnaðri upplifun þess, hvort sem um er að ræða frá menningarlegu eða stofnanalegu sjónarmiði (Phillips, 2003, s. 43). Það er sannarlega kaldhæðni örlaganna að skjöl, sem búnin eru til í dag og eru aðgengileg öllum, eigi eftir að eiga sér styttri líftíma en tíuþúsund ára leirtáknin sem talað var um fyrr í þessum kafla.

Hér á Íslandi er lagaumhverfið hliðhollt varðveislu vefskjala þar sem Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er gert kleift að stunda vefsöfnun sína en margar þjóðir eru ekki jafn lánsamar (Kavcic-Colic, 2003, s. 204). Engu að síður eru mörg skjöl að falla milli stafs og hurðar þar sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn mun aldrei ná að safna öllum vefskjölum í vefsöfnun sinni en

tekið er afrit af flestum vefjum þrisvar sinnum á ári. Ef vefirnir breytast tíðar en það, þá eru þær breytingar ekki hluti af efni vefsöfnunarinnar. Þá er líka viðurkennd staðreynd að engin ein stofnun getur alfarið séð um að varðveita stafrænan menningararf heldur þarf samvinnu jafnt milli landa sem og stofnanna ef vel á að vera (Caplan, 2008, s. 38).


Skipulögð varðveisla þessara skjala felur í sér töluverða áætlanagerð til framtíðar. Ástæðurnar eru margþættar. Fyrst og fremst skortir tækni, sem vitað er að muni standast tímans tönn, vefþjónar eru ekki hannaðir með skjalastjórn í huga og ekkert eitt kerfi, hvorki tæknilegt né stjórnunarlegt getur, eins og er, myndað umhverfi þar sem þessum skjölum er óhætt (Phillips, 2003, s. 43). Kostnaðurinn við varðveisluna er jafnframt mikill. Ekki einungis við söfnunina og föngunina sjálfa heldur einnig við að geyma og varðveita efnið. Sífelld þarf að koma efninu á nýja og nýja miðla, því þeir eyðast með tímanum sbr. geisladiskar. Þá þarf að sjá til þess að alltaf séu til forrit sem geta lesið efnið og enn fremur þarf alltaf að vera til tækni er getur lesið bæði forritin og miðlana, sem varðveita upplýsingarnar (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007, s. 13-16). Því er mikilvægt að almenningur, jafnt sem stjórnendur, geri sér grein fyrir afhverju varðveita ætti slík skjöl því annars gæti verið erfitt að réttlæta kostnaðinn, sem slík varðveisla hefur í för með sér (Smith, 2007, s. 5-6). Um er að ræða menningararf, sem hefur ákveðið gildi fyrir komandi kynslóðir. Í sumum tilfellum vitum við ekki hvert gildið er, en það gæti verið til að mynda ánægjunnar vegna eða vegna fræðslu, sem jafnvel er af allt öðrum toga en ætlað var í fyrstu. Einnig er víst að sögulegar ástæður geti legið að baki. Eins og er liggur verðmæti efnisins í notkun þess en varast skyldi að slá því föstu að efni sem ekki er notað sé einskis virði (Smith, 2007, s. 6-15). Ef almennur skilningur vaknar á því, að um sé að ræða efni, sem þarf að varðveita, má gera ráð fyrir því að hugsunarhátturinn gagnvart efninu breytist og í stað þess að vera alltaf í dýrum aðgerðum við að reyna að bjarga efninu frá tortímingu, sé hugsað um að gera efnið, strax við myndun þess, hæft til varðveitingar (e. born-archival) það er að segja að efninu fylgi ávallt góð

lýsigögn, að það sé á stöðugu sniði og sé vistað á öruggum kerfum. Það er ódýrara til langframa en björgun þess (Smith, 2007, s. 19).

1.10.1 OAIS ISO 14721 varðveislustaðallinn.

OAIS stendur fyrir „Open Archival Information System“. Um er að ræða ISO staðal, sem fjallar um varðveisluferli stafræns efnis, frá afhendingu efnisins til varðveislustofnunar og til birtingar þess (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007. s. 11). Enda þótt staðallinn sé einna mest notaður meðal þeirra sem koma að varðveislu menningarverðmæta (Spence, 2006, s. 514), þá liggur uppruni hans í vísindum, en hann var upphaflega saminn til að koma til móts við þarfir NASA vegna geimferða og snerist þar af leiðandi upphaflega um vélbúnaðarkerfi. Fljótlega fór staðallinn að breikka efnissvið sitt til að innhalda jafnt tímabundna sem langtíma varðveislu stafræns efnis (Sawyer og Reich, 2003, s. 3). Staðallinn skilgreinir orðaforða í tengslum við varðveisluna, lýsir líkani fyrir varðveislu upplýsinga og telur upp æskilega starfshætti fyrir skjalasöfn þegar hugað er að varðveislu (Caplan, 2008, s. 38). Mynd 1 sýnir einfaldað líkan af umhverfi OAIS¹.

Mynd 1 Umhverfi OAIS




Framleiðandi (e. producer), stjórn (e. management) og neytandi (e. consumer) eiga það sameiginlegt að standa fyrir utan skjalasafnið (e. OAIS, archive), sem myndað er eftir reglum OAIS staðalsins. Framleiðandinn er ábyrgðaraðili efnisins, sá sem útvegar upplýsingarnar, sem á að geyma. Stjórnin

¹ Myndin er fengin úr OAIS staðlinum af s. 24. Þýðingin á hugtökunum er höfundar.

eru þeir, sem að setja reglurnar, þar með talið reglurnar, sem að staðallinn inniheldur, í víðara samhengi. Stjórnin sér ekki um daglegan rekstur skjalasafnsins. Staðallinn fer mjög nákvæmlega í það hvernig standa skal að þeim rekstri. Neytandinn er sá eða þeir aðilar, sem vilja sækja efni í skjalasafnið (CCSDS Secretariat, 2002, s. 24).

Mynd 2 sýnir varðveislulíkan *OAIS* eins og það er sýnt í staðlinum sjálfum.² Um er að ræða líkan, sem lýsir þeirri uppbyggingu, sem varðveislukerfi þurfa að hafa. Líkanið er talsvert flókið og verður reynt að útskýra það nánar hér á eftir.

Mynd 2 Varðveislulíkan *OAIS*



VNE – Virk notkun efnis
 VE – Varðveitt efni
 BE – Birting efnis



Hringurinn heldur utan um umbreytingu efnisins frá VNE yfir VE og svo aftur í BE

Viðmiðunarlíkan *OAIS* býður upp á óhlutbundið fræðilegt sjónarmið um það hvernig upplýsingar geta flust frá einni einingu til annarrar án þess að nokkur þáttur þeirra glatist. *OAIS* byggist upp af eftirfarandi hlutum: Afhendingu, öruggri geymslu og varðveislu, meðhöndlun gagna, varðveisluáætlun, aðgangi, og umsjón. Við afhendingu er tekið á móti efni, sem hefur verið í virkri notkun

² Myndin er fengin úr *OAIS* staðlinum af s. 38. Þýðingin á afhendingu, öruggri geymslu og varðveislu, aðgangi, virkri notkun efnis og birtingu efnis er fengin úr *Skýrslu um stöðu þekkingar og færni á langtímarvarðveislu stafræns efnis* eftir Björn Þór Jónsson og Margréti Evu Árnadóttur. Ekki þótti æskilegt að margar þýðingar væru í umferð á þessum hugtökum. Aðrar þýðingar eru höfundar.

(VNE). Efnið er undirbúið fyrir geymslu- og skjalastjórnun innan safnsins. Í öruggri geymslu og varðveislu stafræns efnis er langtímarvarðveislu og viðhaldi upplýsinganna sinnt. Samtímis eru gögnin meðhöndluð þannig að lýsigögnum er viðhaldið til að einfalda leitir og endurheimt skjalanna, sem og stjórnun á innri starfsemi skjalasafnsins. Varðveislúaætlun er áætlun sem byggir á þróun umhverfis fyrir notendur og tækni. Aðgengi er ferlið í kringum birtingu efnisins. Um er að ræða þá þjónustu, sem finnur, biður um og móttækur efni frá skjalasafninu svo hægt sé að afhenda það notandanum. Að lokum er svo umsjónin en þar á sér stað samhæfing á milli annarra *OAIS* skjalasafna (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007, 11-17; CCSDS Secretariat, 2002, s. 38-39; Spence, 2006, s. 514).

1.11 Samantekt

Í kafla þessum var farið yfir fræðilegar undirstöður þessarar rannsóknar, sem byggist einkum á fjórum ólíkum þáttum en þeir eru saga fræðigreinanna, staðlar sem þeim tengjast, lagaumhverfi og varðveisla rafræns efnis.

Saga skjalastjórnar og vefstjórnunar er nokkuð ólík. Sú fyrri spannar tíu þúsund ár en sú síðari nokkra áratugi en mikilvægt var að gera sögu beggja greina nokkuð góð skil, ásamt því að skilgreina mikilvæg hugtök sem tengjast greinunum. Fjallað var um lagaumhverfi Þjóðskjalasafns og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og helstu staðla, sem styðja við fagmannleg vinnubrögð í báðum greinum. Þá voru almennir erfiðleikar við varðveislu rafrænna skjala, þó einkum vefskjala, gerðir að umtalsefni en erfitt getur reynst að sinna slíkri varðveislu, þar sem gögnin eru á viðkvæmum miðlum og tækninni fleytir ört fram.

2. Framkvæmd rannsóknarinnar

Hér verður meðal annars gerð grein fyrir tildrögum rannsóknarinnar og framkvæmd hennar. Sagt verður frá markmiðum hennar og rannsóknarspurningum, sem lagðar voru til grundvallar, ásamt rannsóknaraðferðum. Ennfremur verður skýrt frá þátttakendum rannsóknarinnar og vali á þeim. Greint verður frá hvernig staðið var að öflun gagna og þau greind og skráð. Að lokum verður rætt um takmarkanir rannsóknarinnar og mikilvægi hennar.

2.1 Tildrög

Tildrög rannsóknarinnar voru á þá leið að í MLIS-námi mínu í bókasafns- og upplýsingafræði kviknaði áhugi á skjala- og vefstjórnun. Í framhaldinu langaði mig til þess að sameina þetta tvennt í lokaverkefni mínu. Nokkuð hefur verið fjallað um tölvupóst og nauðsyn þess að stýra honum með tækjum og tólum skjalastjórnar en við eftirgrennslan í rafrænum gagnasöfnum á borð við ProQuest, Web of Science og EBSCO Host virtist lítið hafa verið fjallað um vefsíður og skjalastjórn þeirra og ekkert var til á íslensku um efnið. Ég ráðfærði mig við leiðbeinanda minn sem tók hugmynd minni vel og taldi að þörf væri á slíkri rannsókn og gæti hún ef til vill nýst í fræðigreininni hér á Íslandi. Það er því von mín að rannsóknin upplýsi um stöðu þessara mála og gefi vitneskju sem leiði til betri vinnubragða og verkferla en nú eru á þessu sviði.

2.2 Markmið

Markmið rannsóknarinnar var aðallega að rannsaka hvort vinnutæki skjalastjórnar væru notuð á vefskjöl opinberra aðila, hvort farið væri að lögum varðandi grisjun þeirra og varðveislu og hvers konar upplýsingar væru í hættu og kynnu að fara forgörðum, væru viðtekin vinnutæki og vinnubrögð í skjalastjórn ekki viðhöfð. Þá var einnig ætlunin að kanna viðhorf fólks til þessa og hvar því myndist að ábyrgðin lægi.

2.3 Rannsóknarspurningar

Rannsóknarspurningarnar voru settar fram í samræmi við þau markmið sem rannsókninni var ætlað að ná. Þær snerust um eftirfarandi:

- Hvernig staðið væri að skjalastjórn á vefjum opinberra aðila
- Hverjar væru hættur væri ekki litið á vefsíður opinberra aðila sem skjöl
- Hvort opinberir aðilar færu að lögum þegar kæmi að skjalastjórn á vefskjöllum
- Hvert væri viðhorf fólks til skjalastjórnar á vefsíðum

2.4 Rannsóknaraðferðir

Þar sem rannsóknin kallaði á ítarlegar upplýsingar um verkferla og vinnubrögð í skjalastjórn og vefstjórnun þótti eðlilegast að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum við gerð rannsóknarinnar. Eigindlegar rannsóknaraðferðir (e. qualitative research methods) er samansafn aðferða sem hafa sameiginlegan útgangspunkt, þar sem reynt er að leita innsæis í félagslegan veruleika frá sjónarhorni þátttakenda, meðal annars með þátttökuathugunum (e. participant observation) og viðtölum (e. interviews). Litið er á umhverfið og einstaklinginn í heildrænu samhengi (Taylor og Bogdan, 1998, s. 3-8). Greiningin fæst með túlkun á gögnunum, þar sem unnið er frá hinu sértæka til hins almenna (Bogdan og Biklen, 2003, s. 259) en það er kallað aðleiðsla (e. inductive). Ályktanir, sem eru

fengnar með aðleiðslu, eru reistar á líkum og eru því ekki óyggjandi (Bogdan og Biklen, 2003, s. 32-36; Taylor og Bogdan, 1998, s. 137-139).

Helstu aðferðir eigindlegra rannsóknaraðferða við gagnasöfnun eru opin einstaklingsviðtöl, þátttökuathuganir, rýnihópaviðtöl ásamt rituðum heimildum og fyrirbyggjandi gögnum (e. documentary method). Opin viðtöl eru oftast svokölluð „semistructured interviews“, sem einkennast af því að rannsakandinn hittir viðmælendur í umhverfi þeirra og leitast við að spyrja opinna spurninga. Slíkar spurningar leyfa viðmælandanum að svara samkvæmt sínum eigin reynsluheimi. Enda þótt rannsakandinn hafi ákveðna hugmynd um hvað koma muni fram í viðtalinu, þá eru það svör þátttakandans, sem skapa röð málefna og uppbyggingu viðtalsins. Þá geta viðtölin oft komið á óvart og farið í aðra átt en rannsakandinn sá fyrir sér (Esterberg, 2002, s. 87). Viðtölin eru yfirleitt tekin upp og ráðast ekki af fyrirfram ákveðnum spurningum en rannsakandinn hefur stundum meðferðis spurningaramma sem hann hefur til hliðsjónar (Bogdan og Biklen, 2003, s. 3) til dæmis í lok viðtals og leitast er við að spyrja alla þátttakendur svipaðra spurninga (Bogdan og Biklen, 2003, s. 261). Þátttökuathugun byggist á því að rannsakandinn fylgist með viðmælandanum í umhverfi hans og safnar gögnum á lítt áberandi hátt. Rannsakandinn er í senn áhorfandi og þátttakandi (Bogdan og Biklen, 2003, s. 261). Athugun á fyrirbyggjandi gögnum felur í sér að rannsakandinn skoðar gaumgæfilega skjöl og innhald þeirra til þess að draga ályktanir af þeim í tengslum við efni sitt. Gögn sem þessi eru oftast hjálpargögn og geta verið myndir, bréf, opinber skjöl og vefsíður svo fátt eitt sé nefnt. (Bogdan og Biklen, 2003, s. 57-58; Bloor og Wood, 2006, s. 57-60). Í þessari rannsókn var stuðst við þrjár af fyrrnefndum aðferðum og þeim beitt í samræmi við lýsingarnar hér að framan, eftir því sem hægt var að koma því við. Aðallega var stuðst við opin einstaklingsviðtöl en tengslin milli viðtala og þátttökuathugana gátu orðið óljós þar sem viðmælendur fóru gjarnan þá leið að sýna vefina og vefumsjónarkerfin í tölvum sínum, máli sínu til skýringar. Einnig var athugun á fyrirbyggjandi gögnum notuð en hún fólst í því að skoða vefi viðkomandi aðila með tilliti til efnis og uppfærslu.

Enda þótt notuð væri eigindleg aðferðafræði við gerð rannsóknarinnar var farið að ráðum Silverman (2005) um töflunotkun. Hann ráðleggur rannsakendum, sem nota eigindlega aðferðafræði, að nota töflur og mælieiningar þegar eigindleg rannsóknargögn leyfa slíka framsetningu og túlkun. Í ritgerðinni er því að finna nokkrar töflur, sem á einfaldan hátt draga fram aðalatriði og leitast við að lýsa og bera saman þátttakendur, gagnasöfnun og vefumsjónarkerfi.

2.5 Rannsóknarsnið

Snið rannsóknarinnar voru svokallaðar tilviksathuganir (e. case studies) sem einkennast öðru fremur af nákvæmri skoðun á ákveðnu tilviki, efni, afmörkuðum hóp eða stað (Bogdan og Biklen, 2003, s. 5.; Bloor og Wood, 2006, s. 27). Tilvikarannsóknir styðjast við margvíslegar tegundir gagnasöfnunar þ.á.m. viðtöl, athuganir (e. observations) athugun á rituðum heimildum og fyrirliggjandi gögnum (e. documentary method) og hljóð- eða myndbandsupptökum (Bogdan og Biklen, 2003, s. 54-63; Bloor og Wood, 2006, s. 27-30). Tilvikarannsóknir fara venjulega þannig fram að rannsakandinn leitar að þemum í gögnum sínum, safnar þeim saman og gerir samanburð á þeim. Rannsóknir af þessu tagi hafa leitt í ljós undraverðar niðurstöður og frumlegar kenningar en erfitt er að alhæfa um niðurstöðurnar fyrir stærri hópa vegna þess hve úrtökin eru lítil (Bloor og Wood, 2006, s. 28-29).

Í þessari ritgerð var einblínt á vefskjöl og meðferð þeirra í höndum fagfólks hjá opinberum aðilum. Um er að ræða skoðun á afmörkuðu efni hjá afmörkuðum hópi þannig að tilvikarannsókn þótti henta vel.

2.6 Undirbúningur

Undirbúningsvinnan hófst í janúar 2008. Eftir að búið var að fá leiðbeinanda og sækja um leyfi frá Persónuvernd fyrir rannsókninni, tilkynning nr. S3729/2008 gat leit að þátttakendum hafist. Við val á þeim skipti máli að viðkomandi hefði einhverja reynslu af skjalastjórn og/eða vefstjórnun og starfaði helst á því sviði. Haft var samband við yfirmenn með tölvupósti þar sem rannsóknin var kynnt og

beðið var um viðtal við þá aðila, sem vitað var að hefðu þessi mál á sinni könnu hjá viðkomandi stofnun. Erfitt var að fá viðmælendur og þurfti á stundum að ganga nokkuð á eftir því að fá að taka viðtölin. Í upphafi voru send sjö bréf jafnt til opinberra aðila sem annarra. Þá fengust þrjú vilyrði fyrir viðtölum sem öll komu frá opinberum aðilum. Í samráði við leiðbeinanda minn, dr. Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, ákvað ég að reyna að taka ávallt viðtöl við skjalastjóra og vefstjóra á hverjum stað, ef þess var á annað borð kostur. Gagnasöfnun hófst í febrúar 2008 og stóð yfir með hléum í rúmt ár og lauk í mars 2009. Við lok gagnasöfnunarinnar var búið að senda beiðni um þátttöku til samtals 11 aðila, þar af voru tvö einkafyrirtæki. Þátttakendur voru starfsmenn hjá ríki og bæjum á höfuðborgarsvæðinu.

2.7 Þátttakendur

Tilviljun ein réð því að fyrstu þátttakendur í rannsókninni voru allir starfsmenn opinberra stofnana og í framhaldi af því var einblínt á staði, sem hefðu svipað lagaumhverfi og þessar stofnanir. Þess vegna var ákveðið að leita áfram til ríkisstofnana og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eftir þátttakendum. Þátttakendur voru 12 og komu frá sex vinnustöðum. Um var að ræða 11 konur og einn karlmann.

Opinber aðili eitt.

Ingunn Ævarsdóttir er bókasafns- og upplýsingafræðingur með 30 ára starfsreynslu en hún hefur séð um vefmál þessarar stofnunar í 10 ár.

Jónína Tinna Traustadóttir er forstöðumaður stofnunarinnar en hún hóf störf þar í apríl 2007. Það kom í hennar hlut að svara spurningum um skjalastjórn þar sem enginn skjalastjóri var starfandi á staðnum. Hún er með tvær meistaragráður aðra í bókasafns- og upplýsingafræði og hina í opinberri stjórnsýslu.

Vefsetrið þjónar fjölbreyttum hópi fólks og er afar viðamikill. Meirihluti upplýsinganna eru þess eðlis að þær úreldast ekki ört en þó eru fréttir og slíkt sem er uppfært reglulega. Setrið hefur nýverið verið mikið endurnýjað. Skipt var um

vefumsjónarkerfi og útlit vefsetursins og framsetningu upplýsinga hefur verið breytt töluvert. Þó er um sömu upplýsingar að ræða á vefsetrinu og voru áður en því var breytt.

Opinber aðili tvö.

Berglind Hanna Daníels er með lögfræðimenntun auk prófs í hagnýtri fjölmiðlun. Hún hefur verið vefstjóri í nokkra mánuði en hefur starfað á staðnum í nokkur ár. Hún er í hlutastarfi.

Jara Tíbrá Logadóttir er bókasafns- og upplýsingafræðingur með MLIS-gráðu. Hún hefur verið skjalastjóri í nokkra mánuði en hefur unnið við skjalamálin á staðnum í fjögur og hálf ár.

Vefsetrið er stórt en uppfærisk ekki ört þar sem helstu breytingar felast í gagnasöfnum, sem liggja til grundvallar ýmiss konar útreiknings og töflum, sem hægt er að fá á því. Gagnasöfnin eru í stöðugri uppfærslu en vefskjölin sem slík breytast lítið.

Opinber aðili þrjú.

Kolbrún Ingvarsdóttir er með BA í bókasafns- og upplýsingafræði og tölvunarfræði auk meistaragráðu í vefstjórnun. Hún hefur starfað þarna í sex ár, fyrst við skjalastjórn en hefur verið vefstjóri síðustu ár.

Laufey Pálmadóttir er með BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði og MSc-gráðu í skjalastjórn. Hún hefur verið starfandi hjá ráðuneytinu síðan í ágúst 2002.

Vefsetrið er ráðuneytisvefur. Það hefur margar undirsíður sem tengjast lögum og reglugerðum og rafrænni stjórnsýslu. Sá hluti breytist ekki mikið. Forsíðan uppfærisk hins vegar ört og einnig sá hluti, sem innheldur ræður ráðherra auk fréttasíðunnar sem innheldur gjarnan efni, sem er einnig á forsíðu.

Opinber aðili fjögur.

Halla Oddsdóttir er með MA-gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur unnið á staðnum síðan árið 2000. Miklar breytingar voru á laga- og starfsumhverfi opinbers aðila fjögur þegar viðtalið var tekið.

Skjalastjórnin hafði verið í mýflugumynd og hvorki skjalastjóri né vefstjóri til staðar. Þetta stóð þó til bóta þar sem verið var að ráða skjalastjóra.

Margir starfsmenn koma að því að setja efni inn á vefsetrið og öflug ritstjórn á því er til staðar. Vefsetrið uppfærast ört og á því er mikið af upplýsingum fyrir almenning. Vefsetrið hefur fengið verðlaun sem besti vefurinn í sínum flokki.

Opinber aðili fimm.

Halldór Sindri Gíslason hefur víðtæka menntun í tölvumálum. Hann er rafeindavirki í grunninn, kerfisfræðingur og tölvunarfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Hann hóf störf sem vefstjóri á þessum stað vorið 2008 og hefur því starfað sem slíkur í tæpt ár.

Ragnheiður Leifsdóttir er með BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði og MA-próf í íslensku. Hún er skjalastjóri og hóf störf á þessum stað í júní 2006.

Vefsetrið er upplýsingagátt fyrir íbúa svæðisins. Hluti þess uppfærast ört einkum forsíðan en hinn hlutinn helst að mestu óbreyttur. Vefsetrið styður við rafræna stjórnsýslu en þar er hægt að sækja um leyfi, leikskólavistun og þess háttar.

Opinber aðili sex.

Íðunn Ingadóttir hefur starfað á staðnum í níu ár. Hún er með bakgrunn í tungumálum og hefur sótt ýmis námskeið í skjalastjórn. Hún sinnti skjalastjórn áður en núverandi skjalastjóri var ráðinn og hefur ásamt samstarfskonum sínum tekið við störfum aftur á meðan skjalastjórinn er í barnsburðarleyfi.

Sigríður Tómasdóttir hefur unnið á staðnum í 20 ár. Hún hefur sótt ýmis námskeið í skjalastjórn og sér um skjalasafnið á staðnum.

Hrönn Agnes Leifsdóttir er vefstjóri. Hún hefur BA-gráðu í stjórnmálafræði, gráðu í hagnýtri fjölmiðlun og meistaraþróf í opinberri stjórnsýslu. Starfsaldur hennar er níu ár.

Vefurinn er upplýsingagátt fyrir íbúa svæðisins eins og vefur opinbers aðila fimm og eru vefirnir um margt líkir hvað varðar tegund upplýsinga sem þar er að finna, en uppsetning þeirra og magn er ólíkt.

Í töflu eitt má sjá yfirlit yfir þá, sem tóku þátt, menntun þeirra og starfsreynslu hjá viðkomandi opinberu aðilum.

Tafla 1 Þátttakendur í rannsókninni

Stofnun	Þátttakendur	Menntun	Starfsaldur
1	Ingunn Ævarsdóttir Ritstjóri vefsins	BA í bókasafns- og upplýsingafræði	30 ár
1	Jónína Tinna Traustadóttir Forstöðumaður/Skjalastjóri	MA í bókasafns- og upplýsingafræði MPA í opinberri stjórnsýslu	1 ár
2	Berglind Hanna Daníels Vefstjóri	Lögfræðingur Hagnýt fjölmiðlun	6 mánuðir
2	Jara Tíbrá Logadóttir Skjalastjóri	MLIS í bókasafns- og upplýsingafræði	6 mánuðir
3	Kolbrún Ingvarsdóttir Vefstjóri	BA í bókasafns- og upplýsingafræði Bsc í tölvunarfræði MSc í vefstjórnun	6 ár
3	Laufey Pálmadóttir Skjalastjóri	BA í bókasafns- og upplýsingafræði MSc í skjalastjórn	7 ár
4	Halla Oddsdóttir Bókasafns- og upplýsingafræðingur	MA í bókasafns- og upplýsingafræði	9 ár
5	Halldór Sindri Gíslason Vefstjóri	Rafeindavirki Kerfisfræðingur Tölvunarfræðingur	1 ár
5	Ragnheiður Leifsdóttir Skjalastjóri	BA í bókasafns og upplýsingafræði MA í íslensku	2,5 ár
6	Iðunn Ingadóttir Upplýsingafulltrúi	BA í tungumálum Námskeið í skjalastjórn	9 ár
6	Sigríður Tómasdóttir Ritari	Námskeið í skjalastjórn	20 ár
6	Hrönn Agnes Leifsdóttir Vefstjóri	BA í stjórn málafræði Hagnýt fjölmiðlun MPA í opinberri stjórnsýslu	9 ár

Í töflu tvö má sjá hvernig tegundar stofnanirnar eru og hvernig gagnasöfnunin fór fram, það er að segja fjöldi viðtala, hvort þátttökuathugun fór fram og hvort athugun á fyrirliggjandi gögnum átti sér stað ásamt því hvort kallað var eftir viðbótarupplýsingum í tölvupósti.

Tafla 2 Þátttakendur og gagnasöfnun

Opinber aðili	Fjöldi viðtala/ þátttakenda	Þátttökuathugun	Fyrirl. gögn	Tölvu-póstur	Vefumsjónarkerfi	Skjalastj. kerfi
1 Þjónustustofnun	2	●	●		SoloWeb	GoPro
2 Þjónustustofnun	2	●	●		LíSA ³	GoPro
3 Ráðuneyti	2	●	●	●	Eplica	Málaskráin
4 Þjónustustofnun	1	●	●	●	Eplica	Á ekki við
5 Sveitarfélag	2	●	●	●	Easy web	One system
6 Sveitarfélag	3		●		LíSA	GoPro

Í töflu þrjú er yfirlit yfir eiginleika þeirra vefumsjónakerfa sem komu við sögu í þessari rannsókn.

Tafla 3 Yfirlit yfir eiginleika vefumsjónarkerfanna⁴

Kerfi	Skjalastjórnaeiginleikar
Easy web	Varðveitir vefsögu einungis ef nafnabreyting á heiti skjalsins á sér stað. Myndar lýsigögn um tilurð en leyfir ekki efnisorð í lýsigögnum.
Eplica	Sýnir 20-30 síðustu útgáfur vefskjals í eins konar skjalasafni, eldri útgáfur er hægt að nálgast með hjálp kerfisstjóra. Myndar lýsigögn um tilurð skjals og leyfir jafnframt efnisorð. Hefur nokkurs konar brunn þar sem einingar vefskjala eru vistaðar eins og t.d. myndir, pdf skjöl o.þ.h.
LíSA	Sýnir ótakmarkaða vefsögu skjals í skjalasafni. Myndar lýsigögn um tilurð skjals og leyfir jafnframt efnisorð. Hefur brunn þar sem einingar vefskjala eru vistaðar eins og t.d. myndir, pdf skjöl o.þ.h.
SoloWeb	Sýnir takmarkaða vefsögu í skjalasafni. Hefur brunn þar sem einingar vefskjala eru vistaðar eins og t.d. myndir, pdf skjöl o.þ.h. Myndar lýsigögn um tilurð.

³ Ritháttur vefumsjónarkerfisins „LíSA“ olli nokkrum heilabrotum. Þar sem nafnið beygist samkvæmt íslenskum beygingarreglum var tekin sú ákvörðun að skrifa Lísa, Lísu, Lísan, Lísuna, Lísunni í stað t.d. LísUnni eða LísUnni. Ákvörðunin byggðist á því hvað þætti edlilegt í íslensku máli og jafnframt á því að ritgerðin væri þægileg aflestrar en hinn rithátturinn þótti ljótur og stakk í augu. Þetta er gert alls staðar í ritgerðinni nema í töflum tvö og þrjú.

⁴ Heimildir fyrir virkni Eplicu og Lísu eru fengnar frá starfsmönnum Hugsmiðjunnar og Eskils. Ekki náðist í forsvarsmenn SoloWeb þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og Easy web hefur enga aðstöðu hér á landi. Þar af leiðandi var stuðst við umsagnir Ingunnar og Halldórs af þessum vefumsjónarkerfum.

2.8 Öflun gagna

Öll viðtölin fóru fram á vinnustað þátttakenda á tímabilinu 11. febrúar 2008 til 10. mars 2009. Ekki var stuðst við staðlaðan spurningalista heldur var viðtalsrammi hafður til hliðsjónar. Viðtalið líktist því venjulegu samtali þar sem viðmælandinn fékk töluvert að ráða för, en í lok hvers viðtals var viðtalsramminn notaður til að tryggja að ekkert hefði gleymst. Megináhersla var lögð á að komast að því, hvernig verklagið væri á viðkomandi stofnun þegar vefsíðum væri breytt og hvernig gengi að finna eða leita í gömlu efni, ef það væri til staðar. Ennfremur var áhugi á að kanna hvert viðhorf þátttakenda væri til varðveislu á vefefni.

Öll viðtölin voru tekin upp og síðan afrituð orðrétt eftir upptökunni. Rannsóknargögnin voru um 200 síður af afrituðum viðtölum og tæplega sex klukkustundir af hljóðupptökum.

2.9 Greining viðtala

Að afritun lokinni var gerð samantekt auk hugleiðinga um efnið, ásamt því sem viðtalsramminn var uppfærður ef upp höfðu komið umræðuefni, sem áhugavert var að heyra um frá öðrum viðmælendum. Þannig var frumgreining á gögnunum raunverulega hafin. Áður en gagnasöfnuninni lauk var byrjað að greina gögnin með samblandi af opinni og markvissri kóðun (e. open coding og focused coding). Með kóðun er átt við að rannsakandinn kynni sér gögnin vel og finni mismunandi umfjöllunarefni í þeim. Í kjölfarið verða til sameiginleg þemu, sem rannsakandinn getur unnið með (Bloor og Wood, 2006, s. 101-103). Opin kóðun snýst um að skoða gögnin með opnum hug til að sjá hvað er að gerast í þeim og merkja það sem þykir áhugavert, til dæmis í spássíuna, með heiti eða lit (Esterberg, 2002, s. 158-159). Lesið var yfir gögnin nokkrum sinnum og reynt að finna rauða þræði í þeim. Þegar slíkur þráður eða þema fannst var farið markvisst í gegnum öll viðtölin og leitað að sama efni í þeim en slíkt kallast markviss kóðun (Esterberg, 2002, s. 160-161). Síðan var haldin skrá yfir hvert efni, hvar það birtist og hjá

hverjum en slíkt kallast greiningarblað (e. analytical memo) (Esterberg, 2002, s. 165-166).

2.10 Takmarkanir rannsóknarinnar

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru mjög tímafrekar. Sóst er eftir smáatriðum og því eru viðtölin gjarnan löng og langan tíma tekur að afrita þau. Þar af leiðandi eru þátttakendur í rannsóknum, sem byggðar eru upp með þessu sniði gjarnan fáir (Bogdan og Biklen, 2003, s. 3). Í þessari rannsókn voru 12 þátttakendur og því er erfitt að afhæfa að meðferð vefskjala sé allsstaðar háttáð á þann veg sem hér um getur, þó að niðurstöðurnar gefi vissulega ákveðnar vísbendingar.

Hlutfall kvenna er mun hærra í þessari rannsókn en karla. Skýringarnar á því er eflaust að finna í því að á Íslandi eru karlmenn í minnihluta í skjalastjórastöðum.

Þá eru ríkisstofnanir fleiri en bæjarstofnanir í þessari ritgerð og það gæti haft áhrif á niðurstöðurnar þannig að þær gefi ekki eins raunsæja mynd af ástandinu.

2.11 Mikilvægi rannsóknarinnar

Skjalastjórar hafa haft af því nokkrar áhyggjur að ekki sé litið á vefi sem skjöl en þar sem þeir varða þá starfsemi, sem fram fer innan stofnunarinnar og hafa orðið til í tengslum við hana, þá falla þeir undir skilgreiningu Þjóðskjalasafns um skjöl (Lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985). Þar af leiðandi má draga þá ályktun að mikilvægar upplýsingar gætu farið forgörðum þegar vefsíðurnar eru síuppfærðar í hröðu upplýsingaþjóðfélagi nútímans. Einnig hafa sumir lýst yfir áhyggjum af því að menningarverðmæti gætu tapast ef skjalastjórn er ekki beitt á vefskjöl. Rannsóknin gæti varpað ljósi á hvernig staðið er að þessum málum, hvað þarf að lagfæra, kallað á umræðu meðal fagfólks og þannig veitt hagnýta þekkingu fyrir fólk í þessum störfum og jafnvel leitt til stefnubreytingar eða endurskoðunar í kjölfarið. Rannsóknin ætti einnig að hafa nokkurt fræðilegt gildi þar sem hún leggur til nýja og verðmæta þekkingu varðandi hvernig vefsíður og ýmis tækni þar

að lútandi þróast, til dæmis vafrar og forritunarmál. Ennfremur varpar hún ljósi á hvernig fólk tekur við þessari tækni og notar án þess að ígrunda að um skjöl er að ræða og þá ábyrgð sem þessari notkun fylgir.

3. Grisjun

„... þá er bara betra að losa sig við það“

Grisjun er hugtak sem er bókasafns- og upplýsingafræðingum hugleikið, hvort sem þeir vinna á bókasöfnum eða í skjalastjórn. Hún snýst um að sannarlega úreltum gögnum sé fargað á ábyrgan hátt. Þetta er vandmeðfarið og oft kæmi kristalskúla sér í góðar þarfir, en vinnureglan er sú, að ef einhver vafi leikur á því hvort farga skuli gögnunum þá skulu þau varðveitt. Önnur vinnuregla sem er í heiðri höfð, er að sá sem bjó til skjalið ber ábyrgðina á varðveislu þess, þannig að frjálst er að grisja skjöl sem koma frá öðrum skipulagsheildum það er að segja tengist skjalið ekki málum viðkomandi skipulagsheildar sem er að grisja. Til þess að grisjun sé markviss er gjarnan stuðst við geymslu- og grisjunaráætlun, sem stundum er einnig kölluð skjalavistunaráætlun. Slíkt plagg inniheldur yfirlit yfir skjöl stofnunarinnar og hversu lengi á að varðveita þau með tilliti til laga og verðmætis fyrir stofnunina. Áætlunin ætti að taka til allra skjala án tillits til forms þeirra eða uppruna (Robek, Brown og Stephens, 1995, s. 11-12). Hún minnkar líkurnar á ótímabærri eyðingu skjals og því að stofnun þurfi að borga of mikið fyrir geymslupláss (Kennedy og Schauder, 2000, s. 63).

Viðhorf þátttakenda var almennt það að grisjun ætti rétt á sér en ástæðurnar voru oft misjafnar. Einn sá ekki tilganginn í að geyma efni, sem hann taldi úrelt, sex aðrir vildu koma í veg fyrir tvöfalda varðveislu og enn aðrir geymdu allt eins og Lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, kveða á um. Í sumum tilfellum voru þessar skoðanir hjá sömu manneskjunni.

Hjá opinberum aðila númer þrjú var ekkert grisjað þar sem lögin kveða á um að leyfi þurfi frá Þjóðskjalasafni Íslands til þess að grisja og ekki hafði verið farið fram á slíkt. Kolbrún Ingvarsdóttir vefstjóri sagði: „Já, það er náttúrulega allt geymt hér líka í skjalasafninu [í vefumsjónarkerfinu]. Við megum ekki henda

neinu og það er í rauninni heldur engin grisjunaráætlun. Það er allt geymt, það eru bara tilmæli frá Þjóðskjalasafni.“ Laufey Pálmadóttir skjalastjóri á sama stað tók í sama streng en bætti við: „...en auðvitað eyðum við. Við eyðum tvítökum og því sem að við teljum að hafi ekkert gildi.“ Þegar hún var spurð um geymslu- og grisjunaráætlun þá sagði hún að slík áætlun væri ekki til en hún væri í vinnslu og rökstuddi nauðsyn hennar þannig: „...vegna þess að það er alltaf eitthvað og þó þetta sé lítið sem við erum að grisja að þá þurfum við samt að hafa skrifaðar, ritaðar verklagsreglur um þetta.“ Aðspurð um hvort vefurinn yrði skilgreindur í slíkri áætlun svaraði hún: „Já, já, ég mundi telja það. Við gerum það örugglega af því að það er akkúrat miðill, sem við þurfum að taka meira inn. Vefurinn er náttúrulega skjal.“

Stundum kom fyrir að skiptar skoðanir væru um grisjun innan sömu stofnunar. Hjá opinberum aðila númer eitt sagði Jónína Tinna Traustadóttir, sem ber ábyrgð á skjalamálum hjá stofnuninni: „Sumir bara vinna þetta og um leið og það er sem sagt ekki opið lengur fyrir almenning að þá bara henda þeir því og finnst það ekki skipta neinu máli, en ég er ekki sama sinnis.“ Ingunn Ævarsdóttir ritstjóri vefsins hjá stofnuninni vildi meta hvor efnið væri nothæft og sagði: „Þetta er bara eins og kannski í Gegni. Ef að bók er afskráð þá er færslunni hent. Já, mér finnst þetta hafa svona pínulítið sameiginlegt. Annað hvort er þetta nýtilegt, þá það, en ef það er úrelt þá bara burt með það.“ Ragnheiður Leifsdóttir skjalastjóri hjá opinberri stofnun númer fimm hafði svipaða skoðun á grisjun: „Sumir eru þannig að þeir vilja henda öllu og sumir vilja geyma allt og stundum er bara álitamál hvað á að geyma og hverju á að farga.“

Á opinberu stofnun númer tvö var vefurinn skilgreindur í geymslu- og grisjunaráætlun og Jara Tíbrá Logadóttir skjalastjóri hafði þetta um það að segja: „Það er þá bara vísað til þessa að við erum ekki að taka afrit eða neitt slíkt af ytri vef ... og ég sé í rauninni ekkert fyrir mér að við förum út í að vista það með einhverjum öðrum hætti, nema það er náttúrulega bara til í Lísunni í sögunni.“

Halla Oddsdóttir á stofnun númer fjögur sagði að ekki hefði verið tekin ákvörðun um grisjun á efni á vefnum þeirra og það sama hafði Hrönn Agnes Leifsdóttir, vefstjóri hjá opinberu stofnun númer sex að segja.

4. Varðveisla

„Ef ég gæti þurft á þessu að halda aftur þá geymi ég það“

Staðlaráð Íslands skilgreindi varðveislu þannig að það sé þegar skjöl séu geymd og þeirra gætt svo að þau tryggi tæknilega og vitsmunalega eiginleika sína í tímans rás (2005, s. 12).

Enda þótt varðveisla snúist um að geyma, en ekki farga eins og grisjun, eru þessi málefni nátengd. Ef grisjun er jin þá er varðveisla jang en þessir tveir þættir “... halda jafnvægi og mynda sameiningu, eru gagnkvæmt útilokandi og háðir hvor öðrum til sköpunar.“ (Taekwondo Ísland, 1994-2008).

Skiptar skoðanir voru um hvað skyldi varðveita, hvort það skyldi gert og hver ætti að gera það, væri það gert á annað borð. Flestir voru sammála um að mikilvægt væri að varðveita útlit vefjanna svo að hægt væri að líta til baka og sjá þróunina í þeim efnunum. Færri sáu ástæðu til að varðveita breytilegar upplýsingar á vefnum þar sem þær væru úreltar en helst var talað um að varðveita fréttir sem gjarnan birtast á vefsíðum.

Aðspurð um varðveislu sagði Ragnheiður: „Okkur ber að varðveita það sem snýr að manns eigin bæjarfélagi, það er þannig. Ef eitthvað er gefið út í hér í bænum þá varðveiti ég það.“ Hrönn vefstjóri sem einnig vinnur hjá bæjarfélagi sagði um vefskjöl: „Við höfum ekki hugsað þetta svona sem einhver skjöl sem þarf að varðveita“ en þá bætti Iðunn Ingadóttir, sem er upplýsingastjóri á sama stað, við:

Ekki annað en að ég veit náttúrliga að samkvæmt lögum Þjóðskjalasafns að þá áttu náttúrliga að varðveita eldri heimasíður og annað en hversu víðtækt það nær, ég hef ekki kynnt mér það. Vegna þess að þú ert náttúrliga stöðugt að viðhalda einhverju og breyta þannig að það

hljóta að vera einhver takmörk um það en ég hef ekki kynnt mér nánar hvað það er.

Eins og áður hefur komið fram var Jónína þeirrar skoðunar að varðveita ætti síðurnar í sögulegum tilgangi. Hún talaði um reynslu sína sem skjalastjóri á fyrrverandi vinnustað og sagði:

Þá vorum við með talsverðar áhyggjur af þessu, að allt myndi nú glatast og ég man að við prentuðum oft sýnishorn af vefnum og settum bara í skjalasafnið, ... þá geymdum við alltaf þessa gömlu, við létum hana ekki gossa. Það var svona ákvörðun sem var tekin um að reyna að halda svolítið upp á þetta.

Varðandi varðveislunni á vefnum á staðnum sem hún vinnur á núna sagði hún hikandi:

Eitthvað af þessu efni náttúrulega dettur út eins og gengur og gerist og e ... Ég held að þau haldi því alltaf inni, að þær eyða því ekki út é... ég er reyndar ekki alveg klár á því en sko hvernig við ætlum síðan að varðveita þetta, það er svona kannski spurningin sem að við erum kannski ekki alveg farin að spá í sko.

Ingunn mat gjarnan hvort hún þyrfti á efninu að halda þegar kom að varðveislunni. Hún sagði: „hvað mitt efni varðar þá met ég það hvort ég gæti hugsanlega þurft á þessu að halda aftur þá geymi ég það.“ Síðar bætti hún við: „Ég hef geymt gömlu matseðlana en ég spyr mig til hvers? Bara taka upp pláss á vefnum. Þannig að ég er svona pínulítið að melta þetta með mér. Á ég að geyma þetta, á ég ekki að geyma þetta? Hefur það einhvern tilgang?“ Hún var þó ekki í nokkrum vafa um að fréttir væru efni sem þyrfti að geyma og sagði: „ Mér finnst það eðlilegt að geyma fréttirnar. Það sýnir okkur pínulítið hvað er að gerast þannig að þetta er eitt af því sem að ég myndi vilja hafa vistað.“

Berglind Hanna Daníels sagði um sama efni:

Maður veit svo sem ekki með sko gildi fréttanna sem eru á síðunni auðvitað hefur það ákveðið gildi en ég veit ekki hvert gildið er fyrir stofnun eins og þessa. Það er svona kannski ekki alveg í hennar hlutverki að halda akkúrat þá sögu, held ég allavega.

Jara vildi meina að það væri ekki hlutverk Þjóðskjalasafns að taka á móti efni sem þessu: „Það er ekki þeirra hlutverk. Ég held að það sé alveg skýrt að Landsbókasafn sé með það.“ Þar sem brátt átti að fara í mikla uppstokkun á vef stofnunarinnar talaði Jara um að þau myndu: „taka einhversskonar afrit. Hvort að þau væru rafræn eða hvað af útliti, bara til þess að eiga heimildir um“. Hvað önnur gögn varðaði sagði hún: „Vefurinn er, jú, bara einhver birtingarmynd á einhverjum upplýsingum ... sem að koma fram á ytri vef. Við eigum þetta að sjálfsögðu allt saman og það er þá skilgreint annars staðar“. Þetta síðasta í máli Jöru er skírskotun til þess að stundum skarast mál í skjalastjórnarkerfinu og vefumsjónarkerfinu en um það hafði Jónína að segja:

Í mörgum tilfellum er kannski einhver með þetta mál inni í GoPro eða inni í einhverju skjalastjórnarkerfi en það er ekkert alveg klárt. Þannig að þar var komin ákveðin tvöfeldni að einhverju leyti en við sáum það að skjalastjórnarkerfið væri eitthvað sem að yrði varðveitt en hvort að vefurinn í þessari mynd, sem hann var þarna, hann yrði varðveittur það vissum við ekki en okkur fannst nú öruggara að hafa hann kannski á tveimur stöðum. En það er náttúrulega ekkert einhlítt.

Kolbrún sagði hins vegar: „Við getum ekki verið með sama skjalið mörgum sinnum inni í málaskránni það er auðvitað bara út í hött.“

Af ofansögðu má sjá að misjafnt var hvort sýndur var skilningur á varðveislu eður ei en því til áréttingar má taka dæmi um hvað Jónína og Halldór sögðu um varðveislu þar sem öndverð sjónarmið koma berlega í ljós. Jónína sagði: „Auðvitað skil ég mjög vel að fólk hafi dálitlar áhyggjur af þessu, mikil vinna lögð í þetta, miklir peningar og já þetta er bara sögulegt efni. Hvernig birtist þetta fyrir fólki á þessum og þessum tíma?“ Halldór Sindri lét hins vegar í ljós undrun á þessu og sagði: „Þetta er bara hugsun sem að ég hef bara aldrei orðið var við, að fólk vilji sem sagt geyma þetta og „archiva“ ... búa til sögu. Ég hef ekki orðið var við þetta.“

Enda þótt jafn skiptar skoðanir væru á varðveislu og raun ber vitni þá ber að geta þess að allar stofnanirnar nema ein höfðu vefumsjónarkerfi sem að

varðveittu vefsöguna. Eplica sýnir síðustu 20-30 útfærslur af vefsíðunni en eldri útgáfur er hægt að nálgast með aðstoð kerfisstjóra. Lísu og SoloWeb sýna allar útfærslur frá upphafi nema grísjun eigi sér stað. Opinber stofnun númer fimm hafði nokkra sérstöðu þar sem vefumsjónarkerfi hennar Easy web geymdi ekki vefsöguna sjálfvirkt. Þetta hafði í för með sér að notendur vefumsjónarkerfisins gátu ekki fíkrað sig til baka og skoðað eldri vefsíður nema ákveðnum skrefum við gerð vefsíðunnar hefði verið fylgt áður. Halldór vefstjóri útskýrði þetta svona:

Ef þú breytir sömu síðu þá yfirskrifast gögnin og upprunalegu gögnin tapast. Ef þú gerir nýja síðu til að birta á sömu slóð þá geymast fyrri gögnin í gagnagruninum. Síður í vefumsjónarkerfi virka svipað til Word skala ef þú býrð til nýtt skjal þá er það til en ef þú breytir skjalinu þá breytist upprunalega skjalið.

Jónína kom inn á vandamál varðandi varðveislu sem skapast þegar skipt er um vefumsjónarkerfi. Hún sagði:

Martröðin er kannski þessi, að þú ferð yfir í nýtt vefstjórakerfi og hvað gerirðu við gamla dótið? ... Ég reikna með að við munum taka upp nýtt kerfi og ég myndi þá, með einhverjum hætti, vilja varðveita vefinn eins og hann er. Ég held að vefurinn, sem er á undan, hann sé ekki til nema brotakenndur.

Kolbrún hafði skipt um kerfi og hafði þetta um það að segja: „Reyndar vorum við með annað kerfi áður og þar er allt efnið ennþá inni sem að ég hef í rauninni aldrei haft tíma til að fara í gegnum og skoða einu sinni.“

5. Upplifun vefstjóranna af vefumsjónarkerfunum sínum

„Þetta léttir manni lífið“

Vefumsjónarkerfin sem komu við sögu í þessari rannsókn voru fjögur. Þrjú þeirra voru íslensk en þau voru: SoloWeb frá Lausn hugbúnaði, hýsingu og ráðgjöf ehf. Það var í notkun hjá Opinberum aðila númer eitt. Lísa frá Eskli var í notkun hjá opinberu aðilum tvö og sex og þriðja kerfið Eplica var í notkun hjá aðilum þrjú og fjögur. Easy web er í notkun hjá opinberum aðila númer fimm. Það var upphaflega gefið út af fyrirtæki sem hét Íslensk fyrirtæki en er nú í eigu erlendra aðila.

Halldór vefstjóri var sá eini sem var óánægður með sitt vefkerfi, Easy web, og hafði þetta um það að segja:

Eiginlega tók svolítið steininn úr um daginn þegar ég var að tala við þá að þeir eru hættir allri þróunarvinnu hérna á Íslandi og ef þú þarft að gera eitthvað eða eitthvað kemur upp á þá þarftu að hafa samband við þá á Indlandi og það er bara ekki að ganga upp.

Þegar hann var spurður um hvaða kosti nýja kerfið þyrfti að hafa, svaraði hann því til að það væri einkum uppbygging kerfisins, að auðvelt væri að viðhalda útliti, það væri gott í rekstri og notendaviðmótið væri einfalt. Hann sagði líka að þeir væru að: “... horfa mikið á open source kerfi. Þessi kerfi sem verið er að kaupa eru svo sem mjög góð en þau eru ofboðslega dýr í rekstri.”

SoloWeb var fyrsta vefumsjónarkerfið sem Ingunn hafði kynnst. Hún sagði: „Þetta er eiginlega fyrsti vefurinn sem að við Arna höfum byggt upp saman. Hina fékk maður upp í hendurnar og gaf okkur mjög takmarkaða möguleika enda hefur nú bæði HTML og öll tækni þróast ótrúlega. Þetta léttir manni lífið.“

Þeir sem notuðu Eplicu voru mjög ánægðir með hana. Kolbrún hjá opinberum aðila númer þrjú gekk svo langt að segja: „Ég er alveg rosalega ánægð með þetta kerfi.“ Halla hjá opinberum aðila fjögur var sérstaklega hrifin af

skjalasafni Eplicu þar sem hægt var að hafa allt sem viðkom vefnum. Hún taldi hana samt ekki vera gallalaus, og nefndi í því sambandi að vefurinn væri bæði á íslensku og ensku og þar sem samnýta átti til dæmis sömu mynd á báðum hlutum vefsins að þá varð að setja hana tvisvar sinnum inn í skjalasafnið, enda þótt um nákvæmlega sömu myndina væri að ræða: „... því að annars kemur hún bara með enskum texta á íslenska vefnum eða með íslenskum texta yfir á enska, en hún er samt í sama skjalasafninu.“ Halla nefndi líka að handbókin sem fylgdi Eplicunni væri ekki nógu góð en sem betur fer bætti þjónustuverið það upp.

Opinber aðili númer sex var nýbúinn að taka Lísu í gagnið, svo að starfsfólkið var enn að læra á hana og var ekki alveg búíð að gera sér grein fyrir notkunarmöguleikum og nýta sér þá til fullnustu. Enn var mjög auðvelt að hafa yfirsýn yfir öll skjöl innan hennar, þar sem þau voru ekki orðin það mörg. Berglind hjá opinbera aðila númer fimm var ánægð með Lísuna en var líka að læra á hana því hún var nýtekin við starfi vefstjóra.

6. Skjalastjórn á vefskjölum í vefumsjónarkerfum

„... ansi mikil fyrirhöfn og ég sé ekki alveg tilganginn.“

Þegar vefskjal er tekið og sett inn í skjalastjórnarkerfi er öruggt að skjalastjórnaraðferðum verður beitt á það skjal. Skjalið fær vistunartíma, er skilgreint í skjalavistunaráætlun, vitað er um staðsetningu þess og lýsigögn eru tengd því. Þar með er hægt að sjá hver bjó skjalið til og hvenær og hvort því hafi verið breytt svo fátt eitt sé nefnt. Því betri sem lýsigögnin eru því meiri líkur eru á að varðveitt skjöl verði trúverðug og nýtist í framtíðinni (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007, s. 12). Án slíkra gagna sem lýsa öllu ferli skjalsins frá sköpun þess getur skjalið orðið marklaust og þar með gagnlaust. Þrjár tegundir lýsigagna eru til: Þær sem lýsa innihaldi efnis, slík lýsigögn hjálpa til við leit og endurheimt efnis. Uppbyggingargögn tengja saman allt efni sem myndar eina heild svo ekki sé hægt að aðskilja skjal frá einingum þess og að lokum umsýslugögn sem eru notuð til að stýra aðgengi að efni (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007, s. 16-17). Lýsigögn eru því mikilvægur þáttur í skjalastjórn og vefumsjónarkerfi þurfa að vera sterk á þessu sviði eigi að vera hægt að nota þau við stýringu skjala.

Opinberir aðilar eitt, tvö, þrjú, fimm og sex áttu það sameiginlegt að fundargerðir og fréttir voru teknar af vefjum þeirra og geymdar í skjalastjórnarkerfinu. Þetta átti einnig við um ræður ráðherra í opinberri stofnun þrjú. Þá nefndu aðilar þrjú, fimm og sex að mál sem tengdust rafrænni stjórnsýslu færu einnig inn í skjalastjórnarkerfið. Laufey sagði að einungis þyrfti að smella á einn takka til að það gerðist en Iðunn sagði að það gerðist sjálfkrafa í gegnum lokaðan stjórnsýsluvef sveitarfélagsins.

Ekki öruggt að stjórnþæki skjalastjórnarinnar nái yfir skjöl í vefumsjónarkerfum. Fram kom í máli þátttakenda að mismunandi er hvers konar

möguleika kerfin bjóða upp á í tengslum við stjórn á vefskjölunum. Þær aðferðir sem vefstjórar notuðu til að stjórna vefskjölum sínum, voru einkum að geyma öll gögn, sem tengdust vefsíðum í sameiginlegum brunni og vefskjölin í skjalasafni. Þau voru síðan flokkuð eftir efni, en auk þess var hægt að leita í veftré og eftir dagsetningu skjalsins. Jónína hjá opinberri stofnun númer eitt tók hins vegar fram að: „Það er ekkert sama hvernig þetta er sett upp, upp á það, bæði að rata um öll skjölin sem eru á bak við, og að aðrir sem að koma að vefnum skilji þessa uppsetningu og átti sig á hvernig þetta allt fúngerar“. Iðunn hjá opinberri stofnun númer sex lýsti þeirra kerfi svona: „Við sem sagt reynum að skíra það [skjalið] með þannig lýsandi heitum að það eigi að vera nokkuð skýrt og svo eru þau náttúrliga kannski vistuð ofan í ákveðið kerfi þannig að það er líka náttúrliga ákveðin flokkun í hvernig við varðveitum það.“ Þegar hún var spurð nánar út í flokkunina svaraði hún: „Hún miðast svolítið út frá því hvernig heimasíðan er uppbyggð svona eins og veftré ... það er reynt að hafa það eftir málaflokkum en stundum samtvinnast það eitthvað.“ Þessi valkostur var óáreiðanlegur hjá opinberum aðila númer fimm sem notaði Easy Web en það kerfi bauð ekki upp á þennan valkost nema að búið væri til nýtt skjal og því gefið annað nafn, eins og áður hefur komið fram.

Í efnisorðalykli eru samþykkt efnisorð sem notuð eru til þess að einkenna skjöl í lýsigögnum svo að endurheimt skjala og upplýsinga sé auðveldari (Staðlaráð Íslands, 2005, s. 12). Þessi efnisorð er einnig hægt að nota sem lýsigögn á vefskjöl þannig að þau hjálpi bæði þeim sem leita upplýsinganna á netinu sem og fólki innanhúss við leit í skjalastjórnarkerfinu.

Allir opinberu aðilarnir voru með efnisorðalykil en engin þeirra samnýtti hann fyrir vefskjöl. Jara hjá opinberri stofnun tvö sagði, að búið væri að gera uppkast að sérhæfðum efnisorðalykli fyrir vefinn, en að ekki væri búið að taka hann í notkun. Þegar Halla hjá stofnun númer fjögur var spurð hvort hún setti efnisorð á vefskjölin svaraði hún: „Jú, við gerum það. Við sláum alltaf inn efnisorð þegar við erum að vinna eða ég geri það að minnsta kosti þegar við erum að skrá en það er ekki markviss vinna.“ Þegar hún var spurð um efnisorðalykil

sagði hún að hann væri ekki til fyrir vefinn og ekki hefði komið til tals að búa hann til en svo bætti hún við:

Ég veit upp á mig skömmina, því ég hef sjálf búið til efnisorðalykil í Metrabók. Það er líka til efnisorðalykil sem að er kominn inn í orðabók Íslenskrar málstöðvar Í raun og veru ætti maður að skella þessu öllu saman og láta þennan lista liggja hjá öllum sem eru að setja inn efni í Eplicu.

Ragnheiður hjá opinberri stofnun fimm sagði að til væri völdugur efnisorðalykil sem notaður væri með skjalaflokkunarkerfinu þeirra en hann væri ekki nýttur á vefskjölin. Halldór vefstjóri á sama stað sagði þegar hann var spurður um efnisorð:

Við höfum ekki notað það, enda held ég að Easy web leyfi það bara ekkert. Ég veit í öðrum kerfum þá ef þú vilt skrá fréttir og annað, þá geturðu auðveldað leitina inni í kerfinu og úti á vefnum með að nota metadata en þetta kerfi hefur ekki tekið við því.

Hrönn vefstjóri hjá opinberum aðila númer sex kvaðst ekki nota efnisorð né lýsigögn markvisst á vefskjöl. Hún sagði: „Manni er sagt að það sé ekki eins mikilvægt upp á leitarvélarnar lengur og það var. Þær eru orðnar miklu öflugri að leita bara inni í efni innan vefsins og síðunnar, þannig að maður svona, eða ég yfirleitt nota þetta ekki“ Að sögn Ingunnar hjá opinberum aðila eitt var hins vegar ekkert í SoloWeb vefumsjónarkerfinu sem bauð upp á slíka stjórnun vefskjalanna og síðan bætti hún við: „Það væri ansi mikil fyrirhöfn ef maður ætlaði að halda utan um þetta allt saman og ég sé ekki alveg tilganginn.“

7. Leit

„Ef vel er leitað, þá finnur maður allt sem þarf.“

Stundum getur verið erfitt að sjá skóginn fyrir trjánnum. Þegar vefskjölin eru orðin mörg er nauðsynlegt að geta endurheimt rétta skjalið þegar þörf krefur. Því voru þátttakendur spurðir út í hvernig þeir leituðu í kerfum sínum og hvernig þeim gengi við það. Þeir höfðu ekki áhyggjur af því að finna ekki skjöl ef á þyrfti að halda. Best þótti fólki að leita inni í vefsögunni og þá eftir veftrénu eins og Kolbrún útskýrði: „Það getur gengið allavega en ég hef reyndar líka þetta. Að skoða eins og var á vefnum sjálfum en ekki bara inni í skjalasafninu. Þannig að þar get ég alltaf farið og skoðað.“ Halldór hafði ekki slíkri vefsögu til að dreifa eins og áður hefur komið fram, en hann hafði ekki áhyggjur af þessi og sagði: „Maður myndi nota bara svona standard SQL. Bara leita þú veist ... held það myndi ganga ágætlega sko. Ef að þú veist að hverju þú ert að leita.“ Ingunn hló og sagði: „Ef vel er leitað, þá finnur maður allt sem þarf.“ Vegna þess hve Lísan var nýtekin í notkun sagði Iðunn að auðvelt væri að finna öll skjöl og ekki hefði reynt á leit hingað til enda vissi hún ekki hvaða leitarmöguleika Lísan bauð upp á.

8. Lagaumhverfi

„Ég veit ekki alveg hvaða skyldur eru lagðar á okkur ...“

Vefstjórar hjá opinberu stofnunum númer tvö, fimm og sex höfðu ekki kynnt sér það lagaumhverfi sem átti við um viðkomandi aðila og vef hans. Berglind hjá stofnun númer tvö komst þannig að orði þegar hún var spurð um varðveislu: „Ég veit ekki alveg hvaða skyldur eru lagðar á okkur varðandi skjalamálin hvað það er sem við eigum að vera að vista“. Halla viðurkenndi að hún hafði ekki kynnt sér löggin og velti fyrir sér hvort vefskjöl tilheyrðu Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða Þjóðskjalasafni Íslands. Aðrir vefstjórar vissu af gildandi lögum sinna stofnana og reyndu að vinna út frá þeim. Skjalastjórar voru líka allir með löggin á hreinu og vissu hvað til var ætlast af þeim í þeim efnum. Flestir töldu vefinn falla undir Lög um skylduskil til safna, nr. 20/2002, en um það verður nánar rætt í næsta hluta.

9. Vefsöfnun Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

„Þeir taka þá eins konar afrit af vefnum okkar“

Ekki var einhlítt að viðmælendur þekktu til vefsöfnunar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns en algengt var að þeir, sem það gerðu hugsuðu um hana sem eins konar öryggisnet. Það er að segja að ef þeir af einhverjum orsökum varðveittu ekki vefskjölin sín þá töldu þeir að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn gerði það, af því að það væri skylda safnsins. Jónína vísaði aftur til fyrrverandi vinnustaðar síns og varðveislu á vefnum þar: „Svo fréttum við af þessari vefsöfnun, sem er í gangi, þannig að fólk fór nú aðeins að slaka á með þetta.“

Allur gangur var á því hversu mikið viðmælendur reiddu sig á söfnunina og eins var þekkingin á henni yfir höfuð misjöfn. Hrönn og Ragnheiður vissu ekki af söfnuninni en Iðunn hafði heyrt um hana. Halldór og Jara höfðu kynnt sér hana lítillega og töldu hana nægjanlega varðveislu fyrir vefi sinna stofnana. Halla líkti vefsöfnuninni við stikkprufur, sem teknar væru nokkrum sinnum á ári. Ingunn taldi vefsöfnunina nægjanlega, þar sem útlitið væri það sem máli skipti í varðveislunni. Hún sagði: „Þá vistast þetta þannig að maður getur séð frá einum tíma til annars hvernig veftréð breytist og það er kannski það, sem að skiptir meira máli heldur en einstakar upplýsingar.“ Laufey sagði um vefsöfnunina og varðveislu á vefjunum: „Hún er náttúrlega í höndum Landsbókasafns – Háskólabókasafns og þar er varðveisluskyldan raunverulega“ og svo bætti hún við:

Þannig að vefurinn í heild sinni hann á að vera varðveittur þar, náttúrlega ekki frá degi til dags en allavega það á að taka myndir af honum með reglulegu millibili. Þannig að það er raunverulega ekki í okkar höndum og við höfum ekki gert það að varðveita hann.

Jónína hafði mikla þekkingu á vefsöfnuninni en hún var eini þátttakandinn sem vissi mikið um hana. Þeir sem vissu að hún ætti sér stað höfðu ekki leitað að upplýsingum um hvernig að henni væri staðið né hvernig hún gæti nýst þeirra stofnun sem varðveislutæki eða eins og Jara komst að orði: „Ég bara býst við að þeir sjái um það sjálfir. Ég hef ekkert sett mig í samband við þá upp á það að gera ... ég þekki ekki þeirra verklag.“

Jónína og Kolbrún voru með aðra sýn á vefsöfnunina en hinir viðmælendurnir. Kolbrún sagði um hana: „Þá kannski já fría menn sig svolítið af því að sjá um þetta sjálfir sko.“ Jónína sagði að fólk hafi haft áhyggjur af því „að verðmæti væru að tapast“ og sá hana sem tæki til að varðveita efni á vefnum fyrir komandi kynslóðir rétt eins og gert er með skylduskil á íslenskum bókum og sagði í því sambandi: „Mér finnst að það þurfi að varðveita svolítið söguna.“

10. Samvinna

„... ég reikna með að hún passi svolítið vel upp á þetta“

Að lokum voru þátttakendur spurðir út í hvort um væri að ræða einhverja samvinnu milli skjalastjóra og vefstjóra á vinnustaðnum og þá í hverju hún fælist. Hvorki var um að ræða skjalastjóra né vefstjóra hjá aðila númer fjögur. Halla ritstjóri vefsins átti von á samvinnu við þann aðila sem nýráðinn var í stöðu skjalastjóra. Hann átti enn eftir að taka við störfum og samkvæmt Höllu átti það að koma í hennar hlut, að einhverju leyti, að setja hann inn í starfið. Hjá opinberum aðila númer fimm var engin samvinna á milli þessara aðila. Skjalastjórinn átti gott samstarf við tölvudeildina og vefstjórinn átti í samstarfi við forstöðumann þjónustuversins, sem setti töluvert efni inn á vefinn. Hjá opinberum aðila númer tvö var hefð fyrir samvinnu skjala- og vefstjóra, þar sem sama manneskjan hafði áður gegnt því starfi. Þetta endurspegladist í góðu samstarfi milli Berglindar og Jöru, sem voru meðal annars búnar að leggja drög að efnisorðalykli fyrir vefinn. Laufey hjá opinberum aðila númer þrjú taldi að samvinnan mætti vera meiri. Sú samvinna átti þó ekki endilega að snúa að skjalastjórn á vefsíðum, heldur sá hún helsta kost samvinnu liggja í því: „að við erum alltaf með höndina á púlsinum ... við vitum nokk hvað um er að ræða, hvað raunverulega brennur á í sambandi við upplýsingaþörf.“ Seinna bætti hún við: „Ég lít svo á að með því þá séum við að aflétta vinnuskyldu af starfsmönnum ... það er óþarfi að vera alltaf að svara samskonar erindum og að því leyti tel ég, að vefurinn þurfi að gegna meira hlutverki.“ Aðspurð um hversu gott þær stöllur ættu með samstarf, kvartaði hún yfir tímaskorti en sagði líka: „Ein ástæðan fyrir því sem að hindrar þetta hér hjá okkur er meðal annars skipuritið. Vegna þess að vefstjórinn er ekki ... inni á þjónustu- og rekstrarsviðinu þar sem skjalabókasafnið er og sem raunverulega ... ýtir undir þennan aðskilnað.“ Engin samvinna var milli við-

komandi starfsmanna hjá opinberum aðila númer eitt. Jónínu langaði til að halda betur um vefinn en bar við tímaskorti. Hún sagði svo: „Ég held að þetta sé alveg í góðu skikki sko. Ég hugsa að Ingunn, hún er bara þannig manneskja að ég reikna með að hún passi svolítið vel upp á þetta.“

Almennt var samvinnan því lítil enda þótt ávinningurinn af henni gæti verið ekki einungis góður fyrir skjalastjórn á vefsíðum, heldur einnig vinnusparandi fyrir viðkomandi aðila.

11. Umræður og hugleiðingar

Skjalastjórar hafa haft af því nokkrar áhyggjur, að ekki sé litið á vefsíður skipulagsheilda sem skjöl og þar af leiðandi gætu mikilvægar upplýsingar farið forgörðum, þegar vefsíðurnar eru síuppfærðar í hröðu upplýsingaþjóðfélagi nútímans.

Í hvert sinn, sem upplýsingar á vefsíðu eru uppfærðar, er sú hættu fyrir hendi að gögn fari forgörðum, þar sem breytingarnar eru oft á tíðum vistaðar yfir gamla skjalið, þannig að því er í rauninni eytt. Vönduð vefumsjónarkerfi bjóða upp á að vefsagan sé vistuð þannig að hægt sé að fara í eins konar skjalasafn og skoða fyrri útgáfur vefsíðna. Misjafnt er hversu margar útgáfur er hægt að skoða eða hversu langt aftur í tímann en einnig eru til vefumsjónarkerfi, sem vista hreinlega yfir gamla skjalið og þá er það fyrnt.

Ekki má heldur gleyma því, að geymsla sem slík er ekki skjalastjórn. Kerfisbundin stjórn á skjölum snýst ekki einungis um varðveislu heldur einnig um grisjun, flokkun, merkingu, dreifingu, leit og endurheimt upplýsinga. Tilgangurinn er að réttir aðilar geti nálgast gildar upplýsingar, í hentugu formi, þegar þörfin fyrir upplýsingarnar kviknar (Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006, s. 47). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess, að skjalastjórn á vefskjölum sé mjög ábótavant. Helstu lýsigögn, sem tengjast skjölunum, varða dagsetningu þeirra og ef til vill hver var höfundur þeirra, önnur lýsigögn eins og efnisorð voru sjaldgæf og notuð ómarkvisst. Leit að skjölum þótti yfirleitt ekki áhyggjuefni enda þótt tveir vefstjórar viðurkenndu að það gengi stundum brösuglega að finna þau. Best þótti fólki að leita í veftrénu og rekja sig aftur. Hins vegar þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá fyrir sér, að eftir því sem tíminn líður og jafnvel er skipt um kerfi og starfsfólk, þá muni slík leit varla reynast vel. Því er mikilvægt að nýta sér alla möguleika vefumsjónarkerfanna varðandi lýsigögn og gera slíkt

markvisst, auk þess að flokka upplýsingarnar niður, frá hinu almenna til hins sértæka, rétt eins og gert er með önnur skjöl. Eins er afar mikilvægt að opinberar stofnanir skilgreini vefinn í skjalavistunaráætlun eða þess háttar skjali og ákveði þannig á skipulegan hátt hvað skuli geyma og, af hverju skuli geyma það, hverju skuli henda, setji tímamörk og fái þessa áætlun samþykkt hjá Þjóðskjalasafni, svo farið sé að lögum. Sé þetta ekki gert verður grisjun og varðveisla ómarkviss og slíkt er hættulegt menningararfinum.

Mörgum finnst erfitt að henda bókum og frá fyrstu tíð er nemendum í bókasafns- og upplýsingafræði gerð grein fyrir mikilvægi grisjunar. Líflegar umræður skapast jafnan í skólastofunni þegar grisjun er rædd í fyrsta sinn en eftir því sem líður á námið er grisjun orðin sannleikur sem enginn efast um. Þessi hugsunarháttur fylgir bókasafns- og upplýsingafræðingunum áfram inn í skjala- og vefstjórnunina og vissulega er grisjunin mikilvæg þar líka. Hins vegar gilda um hana aðrar leikreglur. Á bókasöfnum þarf strangt tiltekið einungis að athuga, hvort ekki sé til eintak af viðkomandi bók annars staðar, áður en ákvörðun um að grisja hana er tekin. Þar sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn varðveitir allar íslenskar bækur, sem gefnar eru út, eins og skylduskilalögin gera ráð fyrir, þurfa bókasöfnin ekki að velta þessu mikið fyrir sér.

Hins vegar þarf að huga að öðrum atriðum í skjala- og vefstjórn. Þátttakendur virtust almennt fallast á þá skilgreiningu, að vefsíður væru skjöl og ef hugsað er um þau sem slík en ekki einungis sem útgefið efni, þá breytast leikreglurnar. Vinnureglan, sem venjulega er í heiðri höfð meðal skjalastjóra er sú, að sá sem býr til og stofnar skjal beri ábyrgð á því að skjalið sé öruggt og að því verði ekki eytt ótímabært. Venjulega er þeirri ábyrgð ekki varpað yfir á einhvern annan, sem í þessu tilviki væri Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Jónína taldi markmiðið með vefsöfnuninni vera að vernda þjóðararfinn og menninguna fyrir komandi kynslóðir frekar en að uppfylla einhverjar varðveisluskyldur einstakra stofnana og fyrirtækja úti í bæ. Þá geta stofnanir enn sem komið er ekki nálgast það efni, sem safnast hefur í vefsöfnuninni, þannig að komi eitthvað fyrir þeirra eigin eintök er týnt efni þeim ekki aðgengilegt. Ennfremur er heldur hæpið

að vefsöfnunin uppfylli lagalegar skyldur opinberra aðila til að varðveita skjöl sín, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að ekki er samvinna á milli Þjóðskjalasafns Íslands annars vegar og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hins vegar um söfnunina. Eins og fram hefur komið ná lög um skylduskil, nr. 20/2002, líka yfir útgefið efni á vefnum og þar liggur ef til vill rötin að þeirri værukærð, sem einkennir hugsunarhátt skjala- og vefstjóra hjá opinberum aðilum, þegar kemur að því að láta Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eftir ábyrgðina á varðveislu vefja sinna.

Það sem rekur enn frekar stoðir undir þessa kenningu er að mikill munur er á vinnubrögðum varðandi innri og ytri vefi, en Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn getur ekki varðveitt innri vefi þar sem aðgangur að þeim er ekki til staðar. Ólík vinnubrögð geta þó líka verið tilkomin vegna þess að oft eru innri vefir að breytast meira en ytri vefir og þá finnst bæði skjala- og vefstjórum mikilvægara að huga að varðveislu þeirra.

Í ljósi umræðunnar hér að ofan er grátbroslegt að hugsa til þess að enda þótt þátttakendur séu mjög fylgjandi grisjun og séu viljugir til að láta Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eftir varðveisluna á vefskjöllum sínum, þá er meira eða minna allt efni varðveitt. Af þeim opinberu aðilum, sem tóku þátt í þessari rannsókn voru fimm, sem geymdu allt sitt efni í vefumsjónarkerfum sínum. Opinber aðili númer fimm gat ekki reitt sig á þann kost en geymdi afrit af öllum tiltækum gögnum í gagnabanka. Þetta er í senn jákvætt og neikvætt. Þar sem þessi varðveisla er í raun ekki meðvituð eða markviss, skapast sú hættu, að gögnin týnist, ekki síst vegna þess að þegar magn skala er orðið of mikið og enginn skjalastjórn heldur utan um þau, þá eru gögnin svo gott sem týnd, þar sem erfitt er að finna nokkurn skapaðan hlut. Hins vegar eru gögnin geymd á öruggum stað og engin hættu á ferðum þótt sveitarfélagið ætli að skipta um vefumsjónarkerfi.

Það læðist líka að manni sú hugsun, að skortur á skjalastjórn komi til vegna þess að ekki sé markvisst verið að stefna að því að varðveita skjölin, enda telja vef- og skjalastjórnarnir raunverulega varðveisluskyldu liggja annars staðar en

hjá sér. Í slíkum tilfellum mætti ætla að þegar skipt er um vefumsjónarkerfi eða eitthvað bili, þá standi fólki í raun og veru á sama um skjölin. Einn opinberu aðilanna hafði skipt um vefumsjónarkerfi og að sögn vefstjórans voru öll gögnin enn inni í gamla vefumsjónarkerfinu og enginn tími hafði gefist til að fara yfir þau. Gamalt vefumsjónarkerfi er varla góður geymslustaður fyrir slík gögn og töluverð hætta er á því að þessi gögn séu á miðli sem skemmist í tímans rás eða að tæknin og hugbúnaðurinn sem notuð voru til að lesa þau úreldist. Við þetta má bæta að ekki er nóg að eiga allt. Nauðsynlegt er að vita hvað er til og hafa kerfi á því svo hægt sé að nálgast upplýsingarnar aftur. Eftir því sem tíminn líður, starfsfólk hættir og kerfum er skipt út eru færri, sem muna hvað var á hverri síðu og ef það er hvergi skráð, þá eru upplýsingarnar týndar, enda þótt þær séu ennþá til einhvers staðar.

Einn þátttakendanna í rannsókninni talaði í sömu andrá um að hann hefði aldrei orðið var við að nauðsynlegt væri að geyma vefsöguna og að óþarfi væri að grisja gögnin, þar sem enginn kostnaður fælist í geymslu þeirra og afritun. Í greininni „Can records management save the world?“ gerir Robert Boeri að umtalsefni, að magn skjala, jafnt á pappír sem á rafrænu formi, sé orðið þvílíkt að nauðsynlegt sé að hafa stjórn á myndun skjala og stunda grisjun. Ástæðurnar sem hann gefur upp eru þrjár. Kostnaðurinn við að viðhalda gögnunum og taka afrit af þeim fer sífellt hækkandi. Erfiðara og erfiðara er að tryggja aðgang að þeim sökum breytilegrar tækni og síðast en ekki síst séu gagnabankar (e. Data centers) í vandræðum með að fá þá orku, sem þeir þurfa, til að halda vélbúnaðinum kældum og gangandi. Fáí búnaðurinn ekki næga orku geti það leitt til skemmdra gagna (2008, s. 25).

Í grein frá 2004 fjallar Rick Barry um vefumsjónarkerfi sem skjalakerfi. Hann segir, að í sumum tilfellum séu vefsíður opinberra aðila á undan opinberum skjölum þeirra og nefnir í því sambandi, að fundargerðir birtist oft á vefnum áður en þær séu ritaðar í fundargerðabók og í sumum tilfellum sé vefurinn látinn nægja (s. 28). Hann leggur áherslu á að búin sé til stefna, þar sem vefurinn sé skilgreindur og ábyrgðaraðilar séu tilnefndir. Máli sínu til stuðnings tekur hann

sem dæmi hneykslismál, sem upp kom þegar reynt var að hylma yfir mistök í Arlington sýslu í Bandaríkjunum, meðal annars með því að fjarlægja efni af opinberum vef sýslunnar. Þar sem vefumsjónarkerfið bauð ekki upp á neins konar skjalastjórnartæki voru öll sönnunargögn í málinu farin. Hann segir að það sé spurning um traust til stjórnarsýslunnar og þeirra upplýsinga, sem hún veitir að lýsigögn skjalanna séu rétt og að kerfið varðveiti uppruna þeirra, áreiðanleika og nytsemi á líftíma þeirra (s. 28-30).

Upplifun vefstjóra af vefumsjónarkerfum sínum var oftast nær góð. Í öllum tilfellum nema einu auðveldaði vefumsjónarkerfið þeim vinnuna við viðhald á vefjunum og stjórn þeirra. Nauðsynlegt er að skjalastjórar og vefstjórar komi saman að því að velja kerfi fyrir vinnustaði sína. Ekki er nóg að einblína á að kerfið sé ódýrt, gott í rekstri og með þægilegt notendaviðmót heldur þarf einnig að skoða hvaða möguleika kerfið býður upp á til skjalastjórnar. Aukin krafa skjalastjóra um hæfni þessara kerfa til að hafa stjórn á vefskjölunum með viðurkenndum skjalastjórnaraðferðum myndi að öllum líkindum ýta undir það að hönnuðir og forritarar vefumsjónarkerfa svari kallinu og þrói kerfin í rétta átt.

Annað atriði sem tengist vefumsjónarkerfum er hvernig þau aftengja útlit og innihald. Nú er ekki ætlunin að mæla gegn því að slíkt sé gert, þar sem aðskilnaður af þessu tagi hefur óneitanlega mikla kosti, jafnt fyrir þá sem viðhalda vefjum og eins fyrir notendurna. Hitt er aftur á móti annað mál, að í fræðilegri umræðu hljóta að vakna spurningar, sem snúa að þessum þætti. Er það varðveisla á skjali að taka einungis efnið og vista, þannig að útlit skjalsins fyrnist? Ef um væri að ræða bréf ritað á bréfsefni frá Menntamálaráðuneytinu og það væri sett ofan í skúffu aðeins til þess að nákvæmlega sama efni myndi birtast daginn eftir en þá á bréfsefni Dómsmálaráðuneytisins, myndum við segja að það væri enn sama skjalið? Þetta er umræða, sem á sannarlega rétt á sér, en var ekki til umfjöllunar í þessari rannsókn.

Mikilvægt er að vefstjórar geri sér grein fyrir hvaða skorður lagaumhverfið setur þeim og þekki vel þau lög sem lúta að vefjum þeirra. Til þess að geta fylgt lagarammanum þá er samvinna milli vef- og skjalastjóra nauðsynleg, þar sem

æskilegt er að sömu reglur séu láttnar ná yfir vefsíður og önnur skjöl. Stjórnendur þurfa að átta sig á þessu og stuðla að samvinnu þessara fagaðila svo að hvorki skipurit né vinnuálag standi í vegi fyrir þessu.

Í töflu fjögur má sjá hvernig 16 mismunandi þættir, sem voru í rannsókninni, koma út meðal opinberru aðilanna, sem tóku þátt.

Tafla 4 Samanburður milli þátttakenda í rannsókninni

	Opinberir aðilar					
	1	2	3	4	5	6
Skjalastjóri starfandi á staðnum	●	●	●		●	●!
Vefstjóri starfandi á staðnum	●	●	●		●	●
Samvinna vefstjóra og skjalastjóra		●	●	EV		
Rafrænt skjalastjórnarkerfi	●	●	●		●	●
Vefumsjónarkerfi	●	●	●	●	●	●
Jákvæðni/skilningur skjalastjóra gagnvart skjalastjórn á vefsíðum	EV	●	●	EV	●	EV
Jákvæðni/skilningur vefstjóra gagnvart skjalastjórn á vefsíðum		●	●	EV		
Vefskjöl skilgreind sem skjöl áður en viðtalið fór fram	●	●	●			
Farið með vefskjöl eins og önnur skjöl			●*		●*	●*
Efnisorðalykill í notkun fyrir vefskjöl		○				
Vefskjöl skilgreind í grisjunaráætlun/skjalavistunaráætlun		●				
Notkun lýsigagna eins og t.d. efnisorða		●	●	●*		●*
Vefsaga – skjalasafn í vefumsjónarkerfinu	●	●	●	●	●*	●
Vefstjóri þekkti til þess lagaumhverfis sem við átti um vef þess aðila sem hann vann hjá	●		●	EV		
Varðveisla vefskjala annars staðar en í vefumsjónarkerfinu	●*		●*		●*	●*
Varðveisla á vefskjölum talin liggja hjá viðkomandi aðila	●				●	
Samtals þættir af 16 mögulegum	10	11	13	3	9	8

●! Skjalastjórinn var í barneignarleyfi og annað starfsfólk tók á sig skyldur hans.

* á við um hluta skjalanna

○ efnisorðalykill í vinnslu

EV á ekki við

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan, þá kemur opinber aðili þrjú best út úr þessum samanburði. Einungis vantar að vefurinn sé skilgreindur í geymslu- og grisjunaráætlun, að varðveisluskyldan sé talin liggja hjá þeim sjálfum og að efnisorðalykillinn sé notaður á vefskjölin til þess að þessi aðili, sem er ráðuneyti, fái fullt hús stiga. Geymslu- og grisjunaráætlun var ekki til staðar hjá ráðuneytinu og þar af leiðandi var náttúrliga ekki hægt að skilgreina vefinn í slíkri áætlun. Hins vegar átti að fara að búa til slíka áætlun og skjalastjórinn gerði ráð fyrir að vefurinn yrði skilgreindur þar inn. Efnisorðalykill var til fyrir önnur skjöl og hann mætti samnýta fyrir vefinn. Síðast en ekki síst skorti samræmi milli þeirrar hugsunar, að vefurinn teldist til skjals og að varðveisluskyldan lægi hjá ráðuneytinu sjálfu en ekki Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Opinber aðili númer fjögur kemur verst út með einungis þrjú atriði á listanum. Það á sér þó eðlilegar skýringar ef betur er að gáð. Það stafar meðal annars af því, að stofnunin hafði hvorki skjala- né vefstjóra starfandi á sínum snærum, þegar viðtalið var tekið. Þar af leiðandi detta fjölmörg atriði út hjá þessari stofnun eins og samstarf þeirra á milli, jákvæðni og skilningur þessara stétta og svo framvegis. Slíkt er yfirleitt merkt sem EV í töflunni sem þýðir „á ekki við“. Vefskjöl voru ekki skilgreind sem skjöl áður en viðtalið fór fram, ekki var farið með þau eins og önnur skjöl, efnisorðalykill var ekki í notkun enda þótt slíkur væri til á stofnuninni, vefskjölin voru ekki skilgreind í geymslu- og grisjunaráætlun og vefskjöl voru einungis varðveitt í vefumsjónarkerfinu sjálfu. Tekið skal fram að skjalstjóri hefur nú verið ráðinn við stofnunina þannig að margt stendur nú til bóta þar og það eitt myndi strax bæta niðurstöðu stofnunarinnar í töflunni væri taflan miðuð við stöðuna í dag en ekki þegar viðtölin voru tekin.

Hinar tvær þjónustustofnanirnar voru með mjög svipaða útkomu hvað varðar stigafjölda. Opinber aðili eitt var með 11 stig og númer tvö var með tíu stig. Stigin skiptust þó ólíkt niður með aðilunum. Hjá opinberum aðila númer eitt var ekki ráðinn skjalastjóri en engu að síður var merkt við slíkan í töflunni. Það kom til af því að forstöðumaður stofnunarinnar sá alfarið um skjalamálin, enda

þótt hann væri ekki titlaður skjalastjóri heldur forstöðumaður. Hann sýndi skjalastjórn á vefsíðum mikinn skilning, sem var jákvætt, og auk þess var skilningur á því að vefskjöl væru skjöl. Eins var jákvætt að vefstjórinn var annar tveggja sem þekkti til lagaumhverfisins í þessari rannsókn og að talið var að varðveisluskyldan lægi hjá þessari stofnun. Verra var þó að vefstjórinn taldi skjalastjórn á vefsíðum vera tímasóun og mikla vinnu, engin samvinna var milli skjalastjórans og vefstjórans. Enda þótt skilningur ríkti hjá stjórnanda til skjalastjórnar á vefsíðum, þá var ekki farið með vefskjölin eins og önnur skjöl og hvorki var samnýttur efnisorðalykill fyrir þau né vefskjölin skilgreind í geymslu- og grisjunaráætlun.

Jákvæðni ríkti gagnvart skjalastjórn á vefsíðum hjá opinberum aðila tvö og eins var samvinna þar milli vef- og skjalastjóra, sem birtist meðal annars í því, að þar var komið uppkast að sérhæfðum efnisorðalykli fyrir vefskjölin, en ekki var búið að taka hann í notkun. Vefurinn var skilgreindur í geymslu- og grisjunaráætlun en einungis á þann hátt að ekki væru tekin afrit af honum. Efnisorð voru notuð markvisst og vefsíður voru skilgreindar sem skjöl áður en viðtalið fór fram. Hins vegar vantaði upp á að farið væri með vefsíður eins og önnur skjöl hvað viðkom skjalastjórn og varðveislan var talin liggja hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Vefstjórinn þekkti ekki til þess lagaumhverfis sem tók til vefsins og varðveisla vefskjalanna var einungis í vefumsjónarkerfinu sjálfu.

Sveitarfélögin, sem voru opinberir aðilar fimm og sex, voru einnig með mjög svipaða niðurstöðu og dreifðust stigin nokkuð svipað hjá þeim báðum. Báðir aðilar höfðu ráðið vef- og skjalastjóra en hjá aðila sex var hann reyndar í barneignaleyfi. Þá var rafrænt skjalastjórarkerfi í notkun og vefumsjónarkerfi. Farið var með hluta skjalanna eins og önnur skjöl en það voru aðallega fundargerðir og þau skjöl sem tilheyrðu rafrænni stjórnsýslu. Á hvorugum staðnum var samvinna milli vef- og skjalastjóra, né ríkti skilningur á skjalastjórn á vefsíðum hjá þeim. Efnisorðalykill var ekki í notaður fyrir vefskjöl og þau ekki skilgreind í geymslu- og grisjunaráætlun, þá þekktu vefstjórnarnir ekki Lög um

Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, né til laga um skylduskil til safna, nr. 20/2002. Það sem var ólíkt með sveitarfélögunum var, að hjá aðila númer fimm var ekki hægt að setja inn efnisorð þar sem vefumsjónarkerfið leyfði það ekki, hjá aðila númer sex var þetta hægt en notað mjög ómarkvisst og vefstjórinn taldi ekki mikla þörf á því. Skjalastjórinn hjá aðila númer fimm taldi að varðveisla vefskjala lægi hjá sveitarfélaginu en ekki hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Ekki var hægt að segja til um hvort að jákvæðni ríkti til skjalastjórnar á vefsíðum hjá skjalastjóra aðila númer sex, þar sem hann var í leyfi eins og áður sagði. Þeir starfsmenn, sem tóku yfir skyldur hans, voru hins vegar ekki sérstaklega jákvæðir.

Ljóst er að hinn gullni meðalvegur er vandrataður og í sumum tilvikum virtist sem fólk væri ekki sjálfu sér samkvæmt í orðum og gjörðum. Í því upplýsingasamfélagi sem við lifum í, þar sem vitað er að magn gagna eykst hratt en magn upplýsinga helst ekki endilega í hendur við gagnamagnið, eru skjalstjórn og verkfæri hennar nauðsynleg til að hafa stjórn á upplýsingunum.

Samantekt og lokaorð

Rannsókn þessi um skjalastjórn á vefskjölum hafði það að markmiði að kanna, hvort stjórnæki skjalstjórnar væru notuð á vefskjöl opinberra aðila. Forvitnilegt var að vita hvort farið væri að lögum varðandi grisjun þeirra og varðveislu og hvers konar upplýsingar væru í hættu ef skjalastjórn á þessum skjölum væri ekki til staðar. Ennfremur var ætlunin að kanna viðhorf fólks til skjalastjórnar á vefskjölum og hvar því myndist að ábyrgðin á varðveislu þeirra lægi. Í lokin er því ekki úr vegi að líta yfir farinn veg og athuga niðurstöður rannsóknarinnar með hliðsjón af rannsóknarspurningunum. Hér á eftir verður umfjöllun um hverja rannsóknarspurningu fyrir sig og helstu niðurstöður hennar dregnar fram.

1. Hvernig er staðið að skjalastjórn á vefskjölum opinberra aðila?

Skjalastjórn á vefjum þeirra opinberu aðila, sem tóku þátt í rannsókninni, er frekar takmörkuð. Þrír aðilar af sex taka hluta af sínum vefskjölum og vista inni í skjalastjórnarkerfum. Annað er geymt í skjalasöfnum, sem stundum eru kölluð vefsögur, inni í vefumsjónarkerfunum sjálfum. Vefumsjónarkerfi eru jafn misjöfn og þau eru mörg en þau eiga það sameiginlegt að þau eru ekki skjalastjórnarkerfi og þau hafa mismikla getu til að stjórna vefskjölunum með viðteknum tækjum og tólum skjalastjórnar.

Skjalastjórnin var á þann veg, að vefskjölin voru flokkuð í yfirflokka, sem oftast voru þeir sömu og birtust á vef opinberu aðilanna. Stundum átti skörun milli flokka sér stað, eins og talað var um hjá aðilum númer fimm og sex. Kerfin mynduðu sjálfkrafa lýsigögn um hvenær skjalið var myndað og tegund þess en misjafnt var hvort kerfin byðu upp á frekari lýsigögn, eins og efnisorð, og hvort slíkir möguleikar væru nýttir af starfsmönnum. Enginn vefstjórnanna talaði um aðgangsstýringu að efninu, en slíkt gæti komið sér vel þegar margir koma að því

að setja efni inn á vefinn og breyta honum, til dæmis í tengslum við að ábyrgðaraðild að efni hans sé skýr sbr. grein Rick Barrys sem talað var um í kafla 11. Fjórir þátttakendur hjá opinberum aðilum númer eitt, tvö og þrjú skilgreindu vefsíður sem skjöl áður en viðtalið fór fram. Aðrir höfðu ekki velt því fyrir sér en voru heldur ekki ósammála því. Hins vegar var ekki farið með vefskjöl eins og önnur skjöl hjá þessum aðilum, sem kom fram í því að skjölin voru ekki skilgreind í geymslu- og grisjunaráætlunum, ekki virtist mikilvægt að gefa þeim efnisorð eða huga að lýsigögnum almennt og síðast en ekki síst þá var ábyrgðinni á vefskjölunum og varðveislu þeirra afsalað til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í öllum tilvikum nema hjá opinberum aðilum númer eitt og fimm. Opinber aðili númer fimm hafði hins vegar ekki skilgreint vefsíður sem skjöl fram að viðtalinu. Þess ber að geta að hjá öllum opinberu aðilunum, nema númer fjögur, voru fjölmargar vefsíður unnar upp úr erindum, sem borist höfðu þessum aðilum. Þessi erindi voru þá að sjálfsögðu inni í skjalastjórnarkerfum þeirra og lutu skjalastjórn þar og var mörgum tíðrætt um tvöfalda varðveislu í því sambandi. Í því samhengi er enn erfiðara að gera sér grein fyrir af hverju vefskjöl eru ekki skilgreind í geymslu- og grisjunaráætlunum, þar sem þeim sé ætlaður einhver líftími og/eða varðveisla, og þau grisjuð ef um er að ræða tvítökur eins og gert var við almenn skjöl hjá opinberum aðila þrjú.

2. Hverjar eru hætturnar ef ekki er litið á vefi opinberra aðila sem skjöl?

Þátttakendur voru spurðir um varðveislu og hvort það efni, sem til væri á vefjum þeirra, gæti verið að fara forgörðum. Enginn þeirra hafði sérstakar áhyggjur af því. Í því sambandi bentu þátttakendurnir mjög gjarnan á vefsöfnun Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og töldu hana nægjanlega fyrir varðveislu vefja þeirra. Þegar rannsakandinn þrýsti nánar á þá, bentu nokkrir á að það mikilvægasta væri þegar til í málásöfnum þeirra og væri varðveitt þar. Hjá opinberum aðila númer fjögur var ýmsar fróðleiksgreinar að finna í mörgum mismunandi flokkum. Þessar greinar flokkuðust ekki undir skylduskil og voru ekki hluti af skjalakerfinu hjá þessum aðila, þar sem slíkt kerfi var ekki til staðar.

Einn þátttakandi vildi varðveita fréttir og hafði áhyggjur af því að þær myndu tapast en annar sagði að fréttir gætu mögulega tapast en taldi það ekki vera í verkahring hans að halda upp á þær. Því er augljóst að skoðanir á þessu máli voru skiptar.

Hætturnar sem felast í því að telja vefsíður ekki til skjala eru einkum þær, að án skýrrar og markvissrar stefnu varðandi meðferð þessara skjala eru vinnubrögðin breytileg í stað þess að vera fagleg. Þannig bjóðum við hættunni heim og stefnum mikilvægri útgáfusögu opinberra aðila og hluta af menningararfi þjóðarinnar í voða.

3. Fara opinberir aðilar að lögum þegar kemur að skjalastjórn á vefskjölum?

Vefstjórnar opinberu aðila eitt og þrjú þekktu til laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, og voru þar af leiðandi kunnugir þeirri skilgreiningu að vefsíður væru skjöl. Sú vitneskja leiddi þó ekki til annarra vinnubragða þar en tíðkuðust hjá hinum þátttakendum.

Opinberir aðilar fara mestmegnis eftir lögum þegar kemur að varðveisluskyldu vefskjalanna. Þó virðist sem það sé aðallega vefsögum vefumsjónarkerfanna að þakka að svo sé, því eins og talað var um hér að ofan og er gegnumgangandi þráður í þessari ritgerð, að þá telja þeir að varðveisluskyldan liggja raunverulega annars staðar en hjá þeim sem myndaði skjalið. Ekki er ljóst hversu tæmandi vefsagan hjá opinberum aðila númer fimm er þar sem hún vistaðist ekki sjálfvirkt og margir áttu efni á vefnum. Ómögulegt er að vita hversu oft eða sjaldan breytingar hafi verið gerðar á vefskjölunum og þær vistaðar án þess að skjölunum hafi verið gefin ný nöfn.

Vefumsjónarkerfi eru ekki áreiðanlegur geymslustaður fyrir þessi skjöl. Einn þátttakandinn komst þannig að orði að martröðin væri sú, hvað gera ætti, þegar vefumsjónarkerfunum yrði skipt út eins og gerist reglulega. Þá eru nýjustu vefskjölin færð yfir í nýja kerfið en gamla vefsagan er áfram geymd í gamla vefumsjónarkerfinu, sem þá er hætt að sinna. Ætla má að við slíkar aðstæður séu skjölin í hættu á að verða fyrir tjóni. Í því sambandi er vert að minnast á að ekki er

naðsynlegt að eitthvað bili eða komi upp á, heldur fleytir tækninni svo hratt fram að eftir nokkur ár gæti sú staða komið upp, að ekki sé lengur til hugbúnaður eða tækni, sem getur lesið þessi skjöl.

4. Hvert er viðhorf fólks til skjalastjórnar á vefskjölum?

Segja má að viðhorfið hafi verið nokkuð breytilegt, eftir því hvort viðmælandinn hafi haft grunn í skjalastjórn eða ekki. Þeir skjalastjórar, sem talað var við, voru nokkuð jákvæðir og skilningsríkir gagnvart skjalastjórn á vefsíðum og síður þurfti að útskýra fyrir þeim ástæður að baki rannsókninni.

Einungis tveir vefstjórar komu með jákvæðar athugasemdir varðandi skjalastjórn á vefsíðum, þar af hafði annar þeirra bakgrunn í skjalastjórn. Ekki er þar með sagt að hinir hafi verið neikvæðir, raunin var frekar á þá leið að þeir höfðu ekki leitt hugann að þessu, eins og kom til dæmis fram í máli Halldórs, þegar hann talaði um að hann hefði bara aldrei heyrt á þetta minnst.

Enda þótt viðhorfið væri almennt nokkuð jákvætt, þá var ekki að sjá að það leiddi til þess að skjalastjórn væri almennt látin ganga yfir vefskjöl eins og önnur skjöl. Ef til vill er um að kenna tímaskorti, þar sem allir virtust hafa nóg með að halda hlutunum hreinlega gangandi. Eins stuðlaði skipuritið oft ekki að samstarfi og langt gat verið á milli aðstöðu vefstjóra og skjalastjóra. Af ofansögðu er ljóst að opinberir aðilar þurfa að setja skýrari reglur varðandi skjalastjórn á vefskjölum.

Rannsókn þessi snerist um skjalastjórn á vefskjölum. Reynt var að varpa ljósi á hvernig staðið væri að skjalastjórn á vefsíðum hjá opinberum aðilum með það að markmiði að athuga hvort farið væri að lögum varðandi geymslu og grisjun þeirra og hvernig viðhorf skjala- og vefsjóra væru gagnvart skjalastjórn á vefskjölum og ennfremur hvort að þau viðhorf endurspegluðu starfshættina. Þá var einnig leitast við að finna út, hvers konar skjöl væru í hættu, væru vinnutæki og starfshættir skjalastjórnar ekki nýttir á vefskjölum.

Fróðlegt væri að vita hvernig staðið sé að skjalastjórn innri vefja, þar sem nokkur munur er á þeim og ytri vefjum, en algengt er að slíkir vefir breytist mun

örar en ytri vefirnir. Þá er ábyrgðaraðildin að innri vefjunum mun skýrari heldur en hjá ytri vefjunum þar sem lög um skylduskil til safna, nr. 20/2002, ná ekki yfir þá og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn kemst ekki inn á lokuð svæði þessara vefja til að taka afrit af þeim. Það gæti því verið áhugavert lokaverkefni, fyrir til dæmis MLIS-nema, að rannsaka innri vefi og meðferð þeirra. Eins hefði undirrituð áhuga á að framkvæma ef til vill síðar framhaldsrannsókn á skjalastjórn á vefskjölum, þar sem reynt væri að komast að því hvort að einhver breyting hafi orðið á meðferð vefskjala í kjölfar þessarar rannsóknar og hugsanlegrar umræðu sem henni gæti fylgt. Tíminn á hins vegar eftir að leiða í ljós, hvort slík rannsókn verði framkvæmd af minni hálfu.

Í hinum fullkomna heimi væru vefsíður skilgreindar sem skjöl og hver sá sem myndaði slík skjöl myndi taka ábyrgð sína alvarlega. Til væru skjalastjórnarkerfi og vefumsjónarkerfi sem gætu „talað saman“ þannig að hægt væri á einfaldan hátt, jafnvel strax við myndun skjalsins og skilgreiningu þess, að flytja það úr vefumsjónarkerfinu yfir í skjalastjórnarkerfið. Hvort sem skjölin færu yfir í skjalastjórnarkerfi eða væru áfram í vefumsjónarkerfinu yrði á þeim styrk skjalastjórn þar sem hinar þrjár tegundir lýsigagna: Innihaldsgögn, uppbyggingargögn og umsýslugögn væru notaðar markvisst. Einingar vefskjala yrðu ávallt tengdar sínu skjali órjúfanlegum böndum. Höfundar jafnt sem notendur myndu gera sér grein fyrir gildi þessara skjala, ekki einungis hið þekkta gildi nútímans heldur einnig hið óþekkta gildi framtíðinnar. Hvert skjal væri frá upphafi eins vel búið undir sitt lífshlaup og hugsanlega varðveislu eins og mögulegt væri.

Þessi framtíðarsýn er enn sem komið er fjarlægur draumur. Ljóst er að vitundarvakningin verður að byrja hjá skjala- og vefstjórunum sjálfum. Krafan um fagleg vinnubrögð í hvívetna verður að rísa úr grasrótinni meðal þessara aðila og þaðan mun jafnframt koma þrýstingurinn á þá sem skapa hugbúnaðinn. Skjalastjórar eru vanir því að þurfa að nýta sannfæringarmátt sinn til að opna augu stjórnenda fyrir mikilvægi skjalastjórnar almennt og nú þurfa þeir að bæta þessu atriði á listann yfir baráttumál.

Á meðan beðið er eftir vakningu í þessum málum, sem ef til vill á aldrei eftir að koma, fjölgar vefsíðunum stöðugt og vefirnir verða sífellt viðameiri og flóknari, með fleiri og fleiri einingum í formi pdf-skjala og jpg-mynda og ýmissa eyðublaða svo fáein dæmi séu tekin. Þegar loksins verður farið út í dýrar björgunaraðgerðir á menningararfi og útgáfusögu Íslendinga á 21. öld, mun hluti efnisins hafa farist í hafsjó upplýsingavæðingarinnar eða orðið fórnarlamb sífelldra tækninýjunga og þess hraða, sem einkennir þjóðfélag okkar í dag. Hversu stór hluti það verður ræðst einungis af því hversu hröð vitundarvakning þjóðarinnar verður.

Heimildaskrá

- Barry, R. (2004). Web sites as recordkeeping and recordmaking systems. *Information Management Journal*, 38(6), 26-32. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=745952751&sid=1&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Berners-Lee, T. (2000). *Weaving the Web: The past, present and future of the World Wide Web by its inventor*. London: Texere.
- Bloor, M., og Wood, F. (2006). *Keywords in qualitative methods: A vocabulary of research concepts*. London: Sage.
- Bogdan, R.C., og Biklen, S.K. (2003). *Qualitative research for education: An introduction to theories and methods*. Boston: Allyn and Bacon.
- Boeri, R. (2008). Can records management save the world? *EContent*, 31(4), 25. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1478947321&sid=2&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Boiko, B. (2001). Understanding content management. *Bulletin of the American Society of Information Science and Technology*, 28(1), 8-13. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=85704327&sid=4&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir. (2007). *Skýrsla um stöðu þekkingar og færni á langtímavarðveislu stafræns efnis*. [Reykjavík]: Menntamálaráðuneytið. Sótt 26.04.09, af http://bella.stjr.is/utgafur/langtimavarsla_stafræns_efnis.pdf
- Caplan, P. (2008). Digital Defense. *American Libraries. Academic Research Library*, 39(5), 38. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1485428181&sid=1&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>

- CCSDS Secretariat. (2002). *Reference model for an open archival information system (OAIS)*. Washington: NASA. Sótt 27.04.09, af <http://public.ccsds.org/publications/archive/650x0b1.pdf>
- CECA-CEE-CEEA. (2008). *MoReq2: Model requirements for the management of electronic records: Update and extension, 2008: MoReq2 specification*. Bruxelles, Luxembourg: CECA-CEE-CEEA, European Communities. Sótt 26.04.09, af <http://www.cornwell.co.uk/edrm/moreq.asp>.
- CERN. (2008a). *Tim Berners-Lee's original World Wide Web browser*. Sótt 26.04.2009, af <http://info.cern.ch/NextBrowser.html>
- CERN. (2008b). *Welcome to info.cern.ch: The website of the world's first-ever web server*. Sótt 26.04.09, af <http://info.cern.ch/>
- CERN. (2009). *World Wide Web@20*. Sótt 26.04.09, af <http://info.cern.ch/www20/>
- Clark, D. (2008). Content management and the separation of presentation and content. *Technical Communication Quarterly*, 17(1), 35-60. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1435485661&sid=1&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Clyde, L.A. (2005). *An introduction to the Internet: Course manual*. Perth: Netweaver.
- Cohen, D.J., Rosenzweig, R. (2006). *Digital History: A guide to gathering, preserving and presenting the past on the web*. Philadelphia: Penn, University of Pennsylvania Press.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Fresko, M. (2008). MoReq2: The new model for developing, procuring, electronic records management systems. *Information Management Journal*, 42(4), 62-66. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1531255271&sid=8&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Guðlaug Richter. (1996). Staðlar: Styrkur stjórnandans. *Ritröð Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands og Framtíðarsýnar ehf.: 2*. Reykjavík: Framtíðarsýn ehf. og Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

- Guenther, K. (2001). What is Web content management solution? *Online*, 25 (4), 81-84. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=75471011&sid=2&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Guenther, K. (2006). Content management systems as “Silver Bullets”. *Online* 30 (4), 54-56. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1074626061&sid=10&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Hoffmann, R. (2000). *Content management tools*. Sótt 26.04.2009, af <http://web.archive.org/web/20001215235500/http://www.networkcomputing.com/1111/1111buyers2.html>
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2002). Tímamót í skjalastjórn: Alþjóðlegur staðall um skjalastjórn tekur gildi. *Bókasafnið*, 26, 39-46.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2004). Skipulag upplýsinga í rafrænum miðlum: Leið til þekkingarstjórnunar á tímum breytinga. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V, félagsvísindadeild, ráðstefna í október 2004* (s. 43-65). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2006). Skjöl og skjalastjórn í tíu þúsund ár. *Bókasafnið* 30, 45-57.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2007, febrúar). *Kröfur til rafrænna skjalastjórnarkerfa*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Félags um skjalastjórn, Reykjavík.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2008). As you sow, so you will reap: Implementing ERMS. *Records Management Journal*, 18 (1), s. 21-39.
- Kane, D., og Hegarty, N. (2007). New web site, new opportunities: Enforcing standards compliance within a content management system. *Library Hi Tech*, 25(2), 276-287. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1355784461&sid=13&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Kavcic-Colic, A. (2003). Archiving the web – some legal aspects. *Library Review*, 52(5/6), 203-208. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=373568881&sid=14&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>

- Kennedy, J., og Schauder C. (1998). *Records management: A guide to corporate record keeping*. Frenchs forest: Longman.
- Kristinn Sigurðsson. (2005). Söfnun vefsíðna og Heritrix. *Bókasafnið*, 29, 36-40.
- Kristín H. Pétursdóttir. (1988). Skjala- og upplýsingastjórn. *Bókasafnið*, 11-12, 52-54.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: Sage
- Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. (án ártals). *Vefsöfnun: um verkefnið*. Sótt 26.04.2009, af <http://vefsofnun.bok.hi.is/sida.php?id=2>
- Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994. Sótt 26.04.09, af <http://www.althingi.is/lagas/136a/1994071.html>
- Lög um skylduskil til safna, nr. 20/2002. Sótt 26.04.09, af <http://www.althingi.is/lagas/136a/2002020.html>
- Lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Sótt 26.04.09, af <http://www.althingi.is/lagas/136a/1985066.html>
- McKeever, S. (2003). Understanding Web content management systems: Evolution, lifecycle and market. *Industrial Management & Data Systems*, 103 (9), 686-692. Sótt 26.04.09, af <http://www.emeraldinsight.com/10.1108/02635570310506106>
- Morville, P., og Rosenfeld, L. (2007). *Information architecture for the World Wide Web*. Cambridge: O'Reilly.
- Pemberton, J.M. (1998). The earliest records systems: A journey in professional history. *Records Management Quarterly* 32(2), 64-70.
- Penn, I.A., Pennix, G.B., og Coulson, J. (1994). *Records management handbook*. Aldershot, Hampshire: Gower.
- Phillips, J.T. (2003). The Challenge of web site records preservation. *Information Management Journal*, 37(1), 42-48. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=282785031&sid=3&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>

- Read, J., og Ginn, M.L. (2007). *Records management*. Mason, Ohio: Thomson/South-Western.
- Robek, M.F., Brown, G.F., og Stephens, D.O. (1995). *Information and records management: Document-based information systems*. New York: Glencoe/McGraw-Hill.
- Sawyer, D. og Reich, L. (2003 júní). *ISO reference model for an open archival information system (OAIS)*. Fyrirlestur fluttur hjá Bókasafni Bandaríkjaþings (Library of Congress), Washington. Sótt 26.04.09, af http://ssdoo.gsfc.nasa.gov/nost/isoas/presentations/oais_tutorial_200306.ppt#256,1,slide1
- Seeley, R. (2000). Some best practices emerge in Web content management. *Application Development Trends*. Sótt 26.04.09, af <http://web.archive.org/web/20020325075505/http://www.adtmag.com/print.asp?id=3714>
- Sigmar Þormar. (2007). *Inngangur að stjórnun*. Kópavogur: Skipulag og skjöl ehf.
- Silverman, D. (2005). *Doing qualitative research: a practical handbook*. London: Sage Publication.
- Smith, A. (2007). Valuing Preservation. *Library Trends*, 56(1), 4-25. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1393179601&sid=16&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Spence, J. (2006). Preserving the cultural heritage: an investigation into the feasibility of the OAIS model for application in small organisations. *Aslib Proceedings: New Information Perspectives*, 58(6), 513-524. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1164885301&sid=1&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Spencer, R. (1999). St. Tim of the Web. *Forbes.com*. Sótt 26.04.09, af http://www.forbes.com/forbes/1999/1115/6412314a_2.html
- Staðlaráð Íslands. (2005). *Upplýsingar og skjalfesting-skjalastjórn – 1.hluti: Almenn atriði. / Information and documentation – Records management – Part 1: General*. (ÍST ISO 15489-1:2001). Reykjavík: Staðlaráð Íslands.

- Stefanía Júlíusdóttir. (1997). Skjalastjórn. Í Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir, *Sál aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð* (s. 217-239). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands Háskólaútgáfan.
- Sterling, B. (1996). *A short history of the Internet*. Sótt 26.04.09, af <http://www.library.yale.edu/div/instruct/internet/history.htm>
- Swartz, N. (2008). A new ERA for NARA. *Information Management Journal*, 42(3), 24-28. Sótt 26.04.09, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1531255541&sid=17&Fmt=6&clientId=58117&RQT=309&VName=PQD>
- Taekwondo Ísland. (1994-2008). *Jin og Jang; Hringur í miðju fána*. Sótt 26.04.09, af <http://www.taekwondo.is/default.asp?Doc=260>
- Taylor, S., og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods. A guidebook and resource*. New York: John Eiley & Sons, inc.
- World Wide Web Consortium. (1994-2008). *World Wide Web Consortium - Web standards: Leading the Web to its full potential*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/>
- World Wide Web Consortium. (1995-2007). *XHTML2 Working Group Home Page*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/MarkUp/>
- World Wide Web Consortium. (1997-2008). *Web Style Sheets*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/Style/>
- World Wide Web Consortium. (1999). *Introduction to HTML 4*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/TR/REC-html40/intro/intro.html>
- World Wide Web Consortium. (2002). *XHTML™ 1.0 The Extensible HyperText Markup Language (Second Edition)*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/TR/xhtml1/>
- World Wide Web Consortium. (2004). *XHTML Frequently Answered Questions*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/MarkUp/2004/xhtml-faq>
- World Wide Web Consortium. (2004-2007). *About W3C*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/Consortium/>

World Wide Web Consortium. (2009). *Cascading style sheets*. Sótt 26.04.09, af <http://www.w3.org/Style/CSS/>

Zakon, R. H. (1993-2006). *Hobbes' internet timeline: The definitive ARPAnet & Internet history*. Sótt 26.04.09, af <http://www.zakon.org/robert/internet/timeline/>

Þjóðskjalasafn Íslands. (2005). *Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana: könnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu ríkisstofnana árið 2004*. Reykjavík: Þjóðskjalasafn. Sótt 26.04.09, af http://www.skjalasafn.is/Syningar/img/Rafræn_skjalavarsla_rikkisstofnana_2004_lokagerd.pdf

Viðauki A

Viðtalsrammi fyrir skjalastjóra

Spurningarammi fyrir skjalastjóra

Bakgrunnsupplýsingar:

Geturðu lýst fyrir mér hvað fellst í starfi þínu?

- Menntun, starfsreynsla, starf og starfsheiti.

Skjalastjórn

Geturðu sagt mér frá skjalastjórnarkerfi sem þið notið?

- Rafrænt?
- Óendanlegt, tuga...
- Veistu hvort kerfið býður upp á tengingu inn á vefskjöl?
- Hefur verið búinn til efnisorðalisti sem hægt er að nota með vefskjöllum?

Vefurinn

Geturðu lýst vefnum ykkar fyrir mér og þeim skjölum sem á honum eru?

- Breytist vefurinn ört?
- Hvernig upplýsingar eru á honum t.d. skjöl, eyðublöð, myndir, töflur o.s.frv.?

Hvernig er haldið utan um þessi skjöl?

Hefur verið farið yfir vefinn og athugað hvað er þar inni m.t.t. varðveislu?

- Vil vita um utanumhald, breytingar og varðveislu

Gæti eitthvað efni verið að fara forgörðum?

Hvaða efni er geymt, eða telurðu að ætti að geyma?

Er í gildi grisjunar- og geymsluáætlun fyrir vefskjöl?

- Hvað ræður því hvaða vefskjöl eru geymd og hversu lengi?
- Ef nei - Hafið þið velt fyrir ykkur að búa til slíkar reglur?

Hefur vefurinn verið skilgreindur í skjalakerfinu?

Er gert ráð fyrir því að efni af vefnum sé sett í skjalakerfið?

Hefurðu framtíðarsýn varðandi þennan vef?

Vefsöfnun Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Þekkirðu til vefsöfnunar Lbs-Hbs?

Hefurðu kynnt þér hana?

Finnst þér hún næginleg í þessu sambandi?

Þjóðskjalasafn

- Ertu sammála þeirri skilgreiningu að vefurinn sé skjal skv. Lögum um Þjóðskjalasafn?
- Hefur verið einhver samvinna við Þjóðskjalasafn varðandi vefmál og skjöl vefsins sem á honum eru?
- Hefur verið óskað eftir slíkri samvinnu?

Samvinna vef- og skjalastjóra

Vinna vef- og skjalastjórar saman?

- Er samvinnan lítil, mikil, formleg, óformleg?

Sýn á vefinn og skjalastjórn á honum

Samhæfing skjalastjórnarkerfisins og vefumsjónarkerfisins

Stuðningur stjórnenda

Hvernig er stuðningur stjórnenda við þitt starf?

Er eitthvað sem mætti betur fara?

Hefur verið sett fram vefstefna (af yfirstjórn)

- Ef já gætirðu sagt mér frá henni? – Hverjir komu að gerð hennar?
- Ef nei af hverju ekki
- Vil gjarnan heyra um tengslin við varðveislu skjala og lagaumhverfi í þessu sambandi.
- Er skýr framtíðarsýn fyrir vefinn að hálfu stjórnenda?

Almennt

Eru breytingar í nánd? Uppstokkun, nýtt starfsfólk, nýtt kerfi osfrv.

Sérðu fyrir þér hindranir sem gætu komið í veg fyrir skjalastjórn á vefsíðum?

Vefumsjónarkerfið

Geturðu sagt mér frá vefumsjónarkerfinu sem þið notið?

Hvernig finnst þér að vinna með það?

Hvaða möguleika býður kerfið upp á með tilliti til flokkunar, leitar og endurheimtar í gömlum vefskjölum.

- Efnisorð, flokkun osfrv.
- Leit að gömlu efni- hverju er hægt að leita eftir, efnisorð, dagsetningar osfrv.

Eru þessir möguleikar nýttir?

Viðauki B
Viðtalsrammi fyrir vefstjóra

Spurningarammi fyrir vefstjóra

Bakgrunnsupplýsingar:

Geturðu lýst fyrir mér hvað fellst í starfi þínu?

- Menntun, starfsreynsla, starf og starfsheiti.

Vefumsjónarkerfið

Geturðu sagt mér frá vefumsjónarkerfinu sem þið notið?

Hvernig finnst þér að vinna með það?

Hvaða möguleika býður kerfið upp á með tilliti til flokkunar, leitar og endurheimtar í gömlum vefskjölum.

- Efnisorð, flokkun osfrv.
- Leit að gömlu efni- hverju er hægt að leita eftir, efnisorð, dagsetningar osfrv.

Eru þessir möguleikar nýttir?

Vefurinn

Geturðu lýst vefnum ykkar fyrir mér og þeim skjölum sem eru á honum?

- Breytist vefurinn ört?
- Hvernig upplýsingar eru á síðunni t.d. skjöl, eyðublöð, myndir, töflur o.s.frv.?

Hvernig er haldið utan um þessi skjöl?

Hefur verið farið yfir vefinn og athugað hvað er þar inni m.t.t. varðveislu?

- Vil vita um utanumhald, breytingar og varðveislu

Gæti eitthvað efni verið að fara forgörðum?

Hvaða efni er geymt, eða telurðu að ætti að geyma?

Hvertjir koma að því að setja inn efni á vefinn?

Eru einhverjar vinnureglur um það hvernig það sé gert?

Hver ber ábyrgð á vefnum og ákvarðar breytingar?

- Enginn, allir, vefráð, vefstjórn, vefstjóri

Hvernig er framtíðarsýn þín fyrir þennan vef?

Hvernig er staðið að öryggi í tengslum við vefinn?

- Backup og þess háttar.

Vefsöfnun Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Þekkirðu til vefsöfnunar Lbs-Hbs?

Hefurðu kynnt þér hana?

Finnst þér hún næginleg í þessu sambandi?

Lagaumhverfi

Hversu vel þekkirðu til þess lagaumhverfis sem nær yfir vefinn?

- Lög um Þjóðskjalasafn, persónuvernd, stjórnsýslulög...
- Hefur verið einhver samvinna við Þjóðskjalasafn varðandi vefmál og skjöl vefsins sem á honum eru?
- Hefur verið óskað eftir slíkri samvinnu?
- Ertu sammála þeirri skilgreiningu að vefurinn sé skjal samkvæmt lögum um þjóðskjalasafn?

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, upprætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn. Lög um Þjóðskjalasafn Íslands Nr. 66 27. júní 1985

Samvinna vef- og skjalastjóra

Vinna vef- og skjalastjórar saman?

- Er samvinnan lítil, mikil, formleg, óformleg?

Hefur vefurinn verið skilgreindur í skjalalykli?

Er gert ráð fyrir að efni af vefnum fari inn í skjalastjórnarkerfið?

Er í gildi grisjunar- og geymsluáætlun fyrir vefskjöl?

Sýn á vefinn og skjalastjórn á honum

Samhæfing skjalastjórnarkerfisins og vefumsjónarkerfisins

Skjalastjórn

Geturðu sagt mér frá því skjalastjórnarkerfi sem þið notið?

- Ertu virkur notandi í því?
- Veistu hvort kerfið býður upp á tengingu inn á vefskjöl?
- Hefur verið búinn til efnisorðalisti sem hægt er að nota með vefskjöllum?
- Hver bjó hann til?

Stuðningur stjórnenda

Hvernig er stuðningur stjórnenda við þitt starf?

Er eitthvað sem mætti betur fara?

Hefur verið sett fram vefstefna (af yfirstjórn)

- Ef já gætirðu sagt mér frá henni? – Hverjir komu að gerð hennar?
- Ef nei af hverju ekki
- Vil gjarnan heyra um tengslin við varðveislu skjala og lagaumhverfi í þessu sambandi.
- Er skýr framtíðarsýn fyrir vefinn að hálfu stjórnenda?

Almennt

Eru breytingar í nánd? Uppstokkun, nýtt starfsfólk, nýtt kerfi osfrv.

Sérðu fyrir þér hindranir sem gætu komið í veg fyrir skjalastjórn á vefsíðum?

Viðauki C

Ósk um viðtal hjá stjórnendum opinberu aðilanna



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nafn viðkomandi...

Hafnarfjörður, dagsetning og ártal.

Efni: Rannsókn um skjalastjórn á vefsíðum skipulagsheilda

Um þessar mundir vinnur undirrituð að rannsókn á *skjalastjórn á vefsíðum skipulagsheilda*. Rannsóknin er hluti af lokaverkefni mínu til MLIS- gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands og er unnin undir leiðsögn dr. Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, prófessors.

Með bréfi þessu fer ég þess á leit að fá að taka viðtal við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir vef- og skjalamálum hjá nafn.

Veitir þú samþykki þitt fyrir viðtali þætti mér vænt um að fá svar á thm9@hi.is þar sem fram kemur nafn þess starfsmanns, sem veitir mér viðtalið, svo og upplýsingar um símanúmer eða netfang hans.

Eins og áður kom fram er um að ræða lokaverkefni við Háskóla Íslands og þar af leiðandi er tíminn af skornum skammti. Því yrði ég afar þakklát ef ég fengi svar fyrir föstudaginn 13. febrúar næstkomandi.

Sé frekari upplýsinga óskað má hafa samband við mig í síma 615 0533 eða á thm9@hi.is Að lokum vil ég geta þess að farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og þess gætt að hvorki sé hægt að rekja þær til stofnana né einstaklinga.

Virðingarfyllst

Þorgerður Magnúsdóttir

181174-3079